



12. apríl
2021

Knattspyrnufélagið Haukar
FÉLAGIÐ MITT

Heilsubærinn Hafnarfjörður – til hamingju Haukar!

Nú títú ár eru nú liðin frá því ungrir og öflugir piltar komu saman til að stofna íþróttafélag hér í Hafnarfirði. Félagið fékk heitið Haukar og er saga félagsins, uppbygging, kraftur og vöxtur samofin sögu Hafnarfjarðar. Haukar hafa átt sinn þátt í því að stimpla Hafnarfjörðinn íþrótt- og heilsuþæ og hafa, líkt og önnur félög innan bæjarmarkanna, bæði fyrir og síðar, alið af sér íþróttafólk á heimsmeðlíkvarða.

Frábær árangur íþróttamanna Hauka hefur borið hróður bæjarins víða. Glæsilegur árangur Hauka um margra áratuga skeið segir mikið um þann metnað, slagkraft og fagmennsku sem einkennir fjölbreytt starf félagsins. Þá býr félagið yfir öflugum og dýrmætu stuðningsneti sjálfbóðaliða, sem hafa í gegnum árin unnið óeigingjarnar starf í þágu þess. Fyrir það verður seint fullþakkað. Einstakur félagsandi svifur yfir vötnum á Ásvöllum og þangað eru háir sem lágir jafnan velkomnir.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ætíð lagt áherslu á að efla og styrkja íþróttastarfið samhliða annarri uppbyggingu í bænum. Skiptir þar máli að góður skilningur hefur verið á þörfinni en auk þess hefur það sýnt sig að öll hreyfing, hvetjandi félagskapur og flottar fyrirmyndir hafa mikið forvarnagildi. Með hverju árinu sem líður eykst áhersla á þætti sem hafa góð áhrif á heilsu og lífsgæði

einstaklinganna. Það kemur samfélaginu okkar öllu til góða.

Haukafélagar hafa notið góðs af markvissri uppbyggingu íþróttamannvirkja félagsins og öflugum stuðningi bæjarins í þeim efnum. Þá hafa þjónustu- og rekstrarsamningar og frístundastyrkir skipt sköpum í að fjölga iðkendum og byggja upp metnaðarfullt starf sem eflist stöðugt og þróast.

Nú hillir í að framkvæmdir hefjist við byggingu langþráðs knatthúss á Ásvöllum. Tilkoma þess mun valda byltingu í aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Húsið verður mjög kærkomið og mun eiga stóran þátt í að gera nýjustu uppbyggingarsvæði bæjarins enn eftirsóknarverðari til búsetu. Samhliða er verið að byggja upp nýja grasvelli á svæðinu sem mæta þeirri miklu þörf sem skapast hefur. Við fögnum þessum framkvæmdum og er sérlega ánægjulegt að þær hefjist nú á 90 ára afmælisári félagsins. Á þessum tímamótum vil ég, fyrir hönd bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og starfsfólks bæjarins, senda öllu Haukafólki innilegar hamingjuóskir í tilefni stórafmælisins með hjartans þökkum fyrir faglegt og mikilvægt framlag til íþrótt- og bæjarlífsins. Takk Haukar fyrir samstarfið og skemmtunina í gegnum tíðina og fyrir ykkar þátttöku í uppleldi ungmennanna okkar.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.



Stofnendur Knattspyrnufélagsins Hauka á 15 ára afmæli félagsins 1946. Á myndina vantar Óskar A. Gíslason.

Stærsta félagið í Hafnarfirði

Samúel Guðmundsson hefur verið formaður Knattspyrnufélagsins Hauka frá árinu 2014. Hann hefur starfað meira og minna hjá Haukum frá árinu 1990 og var til að mynda formaður körfuknattleiksdeildarinnar áður en hann tók við sem formaður félagsins. Samúel mun láta af störfum sem formaður í sumar, skilur sáttur við félagið og segir það standa vel að vígi.

„Ég myndi segja að félagið stæði vel. Það er góður rekstur á því og hefur gengið vel. Iðkendum hjá okkur hefur fjölgað núna undanfarið. Við vorum mældir nýlega sem stærsta félagið í Hafnarfirði. Það var mjög skemmtilegt. Við höfum verið álíka stórir og FH en svona yfirleitt aðeins undir. En á síðasta ári kom þarna mæling þar sem við vorum með fleiri iðkendur en FH, það finnst mér jákvætt,“ segir Samúel.

Honum finnst líklegt að þar hafi bætt aðstaða á undanförunum árum haft eitthvað að segja. „Það hlýtur að hafa spilað inn í. Við fengum körfubolta (Ólafssal) fyrir nokkrum árum og iðkendafjöldinn í körfuboltanum og handboltanum hefur aukist með því að fá þetta nýja hús. Svo hefur knattspyrnan haldið sínu striki þrátt fyrir allt og frekar verið að auka við sig. Þannig að þetta hefur verið jákvætt hvað það varðar. Svo er fyrirsjáanleg veruleg stækkun á félaginu með tilkomu nýja knatthússins,“ segir Samúel.

Auk byggingar knatthússins er von á nýjum utanhússknattspyrnuvöllum. „Það er verið að snyrta allt svæðið, girða það af og búa til nýja knattspyrnuvelli, æfingaaðstöðu á

svæðinu þar sem knatthúsið átti upphaflega að vera. Það er alveg frábært að það er verið að gera vel við okkur á þessum tímamarki. Útboð á hönnun á knatthúsinu verður opnað um miðjan apríl. Það verður spennandi að sjá hverjir verða valdir til verksins,“ bætir hann við.

Verður ein besta aðstaðan

Samúel telur því hjart fram undan hjá félaginu. „Ég held að framtíðin sé nú bara mjög björt hjá okkur í Haukunum. Við erum náttúrlega með frábæra aðstöðu og þegar knatthúsið verður komið tel ég að við getum státt af einhverri albestu aðstöðu á öllu landinu í þessum þremur stóru boltaíþróttum.

Við erum með glæsilegan sal fyrir handboltann sem er búinn að vera mjög lengi til staðar og nýja körfuboltaástandið er einstaklega vel heppnað, sérstaklega hvað varðar hljóðvist og annað. Menn tala alltaf um hvað það er gott að spila í húsinu. Það eru góð áhorfendastæði og það er óvenjulegt að það séu áhorfendur báðum megin við völinn. Svo verður þetta svolitil gryfja þegar við fáum áhorfendabekki í endana báðum megin. Húsið er hannað þannig að það eiga að koma áhorfendabekkir í báða enda.“

Margt til að vera stoltur af

Körfuboltaástandið er enda það sem hann er hvað stoltastur af á formannsferli sínum. „Að koma körfuboltaástandinu frá er það sem maður er stoltastur af núna. Svo er búin að vera þessi mikla barátta við að koma byggingu knatthússins í gang, maður er svolítið stoltur



Samúel Guðmundsson, formaður Knattspyrnufélagsins Hauka.

af því líka, að hafa náð að koma því í gegn á sínum tíma.“

Samúel kveðst einnig stoltur af því að Haukar bjóði upp á frístundaskóla. „Mér finnst gaman að þetta er eina félagið í Hafn-

arfirði sem hefur verið með frístundaskóla. Við höfum verið svolítið stolt af því líka, hvað við höfum verið að gera í því að bjóða upp á samtengingu á skóla og íþróttum fyrir krakka.

Það hefur gengið mjög vel og ég held að það sé hluti af því sem hlýtur að vera gert í meiri mæli í framtíðinni, að íþróttafélögin taki að sér tenginguna þarna á milli þannig að foreldrarir geti bara sótt krakkana sína í íþróttamiðstöðina í lok dags og krakkarnir eru þá búnir á æfingum. Ég tel að þetta hafi verið mjög mikið gæfuspor fyrir okkur að koma þessu af stað, mér finnst þetta mjög sniðugt og held að þetta geti aukist mikið á næstu árum.“

Alltaf hægt að gera meira

Hann segir þó að þrátt fyrir að margt gott sé í bígerð séu fleiri framkvæmdir sem bíði og þurfi að fara í á næstu árum. „Það stóð til að byggja stúkubyggingu við keppnisvöllinn í fótboltanum og svo þarf nauðsynlega að bæta aðstöðu karateíðeldarinnar, það er mikil þörf á betri aðstöðu fyrir karateæfingarnar.

Það er svona þetta tvennt sem þyrfti að ráðast í á eftir knatthúsinu og nýju æfingaaðstöðunni og þarf að gerast á næstu árum, þetta eru hlutir sem þarf að bæta. Þegar þetta verður allt komið þá verður þetta allveg frábær aðstaða, hún er náttúrlega nú þegar orðin það í dag en það er alltaf hægt að gera meira,“ segir Samúel Guðmundsson, fráfarandi formaður Knattspyrnufélags Hauka, að lokum.

Canon



Segðu þína sögu með Canon EOS M50 Mark II

Taktu framúrskarandi 24MP
ljósmyndir og 4K vídeó



[verslun.origo.is](https://www.verslun.origo.is) og söluaðilar um land allt



Bætt aðstaða mesti munurinn

Sunnudaginn 12. apríl árið 1931 komu 13 ungir piltar saman í KFUM-húsinu við Hverfisgötu til að stofna nýtt íþróttafélag í Hafnarfirði. Einn af stofnendunum 13 var Karl Auðunsson, sem var kjörinn fyrsti formaður félagsins. Ekki var þó hlaupið að því að finna nafn á þetta nýja félag.


„Þetta eru 13 strákar, 10-15 ára kannski, og þeir koma saman í húsi KFUM uppi á Hverfisgötu og ákveða að stofna þetta félag. Síðan verða smá umræður og ágreiningur um nafnið og það endaði með því að séra Friðrik Friðriksson stakk upp á þessu nafni, Knattspyrnufélagið Haukar, sem er svo samþykkt á þriðja fundi,“ segir Bjarni Hafsteinn Geirsson, núverandi meðstjórnandi í aðalstjórn Hauka, þegar hann er beðinn að stikla á stóru um sögu félagsins.

Tengsl séra Friðriks við Hauka má rekja til þess að hann stofnaði KFUM formlega hér á landi árið 1899. 20 árum áður en félagið Haukar var stofnað, árið 1911, var séra Friðrik yfir unglingadeild KFUM þegar Fótíðisfélag KFUM var stofnað af sex pílum. Nafninu var síðar það sama ár breytt í Knattspyrnufélagið Valur og er Haukanafnið því viss skírskotun til bræðrafélagsins í Reykjavík. Í fyrstu fundarboók Knattspyrnufélagsins Hauka er eftirfarandi ritað: „Sunnudaginn 12. apríl 1931 komu nokkrir drengir saman í húsi KFUM til þess að stofna íþróttafélag sem eigi að starfa á grundvelli KFUM.“

Þar sem 90 ár verða brátt liðin frá því að drengirnir 13 stofnuðu félagið þarf það ekki að koma á óvart að í dag eru þeir allir farnir yfir móðuna miklu. „Þessir stofnendur eru allir dánir í dag. Síðasti dó held ég í hittifyrri. Hann var orðinn tæplega 100 ára minnr mig,“ segir Bjarni Hafsteinn.

Eftir að búið var að stofna félagið þurfti að finna æfingaaðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Haukar höfðu til Hvaleyrarholtsvallar en leikmenn Þjálfá, sem æfðu þar, leyfðu þeim ekki að notast við völinn. Ákveðið var að hefjast handa við vallargerð í Hraunsholti í Garðahreppi stutt frá þeim stað sem íþróttahús Garðbæinga stendur í dag.

„Aðstæður voru bágar hér í Hafnarfirði en það endaði á því að þeir gerðu völl inni í Hraunsholti í Garðabæ, lítinn malarvöll. Síðan kemur Hvaleyrarholtsvöllurinn einhverjum



Bjarni Hafsteinn Geirsson er gamalreyndur Haukari sem hefur lifað tímana tvenna.

árum seinna og svo hefur það náttúrulega þróast uppi á Ásvöllum,“ segir Bjarni Hafsteinn.

Vígsla Hraunsholtsvallarins fór fram sunnudaginn 7. júlí 1931 og eins og Bjarni Hafsteinn segir fengu Haukar að lokum aðgang að Hvaleyrarholtsvelli, en það var þó ekki fyrr en árið 1950 að loknum endurbótum sem drögust um langt árabil.

Fyrstu árin í efstu deild

Fimm árum síðar, þegar Haukar og FH höfðu sameinast undir merkjum ÍBH, tók goðsögnin Albert Guðmundsson við liðinu og var spilandi þjálfari þess um fjögurra ára skeið. Strax á fyrsta tímabilinu undir hans stjórn, árið 1956, vannst frækinn sigur í næstefstu deild. Var liðið þá komið upp í efstu deild í fyrsta sinn.

„Fótíðisfélagið var undir sameiginlegu merki ÍBH. Svo kemur Albert Guðmundsson hérna í bæinn, þá ná þeir miklum árangri. Þeir fóru að æfa úti yfir veturinn með honum og klóruðu snjó af völinum. Þetta þótti alveg stórfurðulegt en svo náðu þeir þeim árangri að komast upp í efstu deild og voru þar í tvö ár,“ segir Bjarni Hafsteinn.

ÍBH lék í efstu deild árin 1957 og 1958, þegar það féll aftur í næstefstu deild. Ári síðar tókst liðinu ekki að komast upp að nýju og hætti Al-

Stofnendur Knattspyrnufélagsins Hauka

» Óskar Gíslason, Karl Auðunsson, Jens Sveinsson, Þórður Guðbjörnsson, Jóhannes Einarsson, Helgi Vilhjálmsson, Sigurgeir Guðmundsson, Magnús Kjartansson, Jón Halldórsson, Bjarni Sveinsson, Hallgrímur Steingrímsson, Sófus Berthelsen og Geir Jóelsson.

bert Þjálfun liðsins um haustið 1959. Árið 1960 fór liðið hins vegar aftur upp í efstu deild og lék því í efstu deild að nýju árið 1961. Albert sneri aftur um mitt tímabil það árið en gat ekki komið í veg fyrir fall. Eftir það ákváðu Haukar að slíta samstarfinu við FH og hófu liðin æfingar og keppni út af fyrir sig að nýju.

Slysadist á æfingu hjá FH

Bjarni Hafsteinn er Haukari út í gegn og lék bæði handknattleik og knattspyrnu fyrir félagið, þótt hann hafi fyrst og fremst einbeitt sér að handknattleiknum. Hann hefur auk

þess sinnt ýmsum störfum fyrir félagið í gegnum tíðina og gerir raunar enn.

„Maður spilaði þar alla flokkana upp í meistaraflokk og svo var maður í stjórnunarstörfum og svona. Ég var fyrsti formlegi formaður handknattleiksdeildarinnar. Svo varð ég aftur einhvern tímann formaður handknattleiksdeildarinnar og svo hef verið aðalstjórnarmaður og framkvæmdastjóri og í rauninni bara hvað sem er.“

Maður hefur eytt einhverjum árunum þarna hjá Haukunum og lítið reglulega við. Ég er núna að reyna að fara að hætta, það er alltaf eitthvað alls konar sem er eftir að gera, pappírsvinna og hitt og þetta. Mér líkar samt mjög vel á Ásvöllum og er ekkert endilega það æstur í að hætta öllum afskiptum. En sem formlegur starfsmaður fer ég að hætta bara á næstu dögum,“ segir Bjarni Hafsteinn.

Hann spilaði langstærstan hluta handknattleiksferils síns með Haukum, en eyddi nokkrum árum með KA á Akureyri. Bjarni Hafsteinn rak síðan nefið inn hjá erkifjendum í örskamma stund, þar sem hann slysaðist á æfingu.

„Ég var tvö til þrjú ár norður á Akureyri og spilaði handbolta í árdaga hans þar. Það var 1963-1965. Svo dinglaðist ég einhvern tímann á æfingu hjá FH, en það var bara þessi eina æfing. Ég fór aftur til Hauka daginn eftir, mér líkaði þetta ekki betur en það,“ segir hann og hlær við.

Gerbreytt aðstaða

Bjarni Hafsteinn er orðinn 76 ára gamall og hefur því lifað tímana tvenna sem Haukari, eins og ráða má af orðum hans hér að ofan. Að hans mati er bætt aðstaða félagsins í gegnum árin það sem helst stendur upp úr á þeim tíma sem Bjarni Hafsteinn og Haukar hafa fylgst að.

„Það er fyrst og fremst aðstaðan sem er komin í dag. Þegar ég var í þessu, handbolta og fótíðisfélagi, þá var æft niðri í íþróttahúsinu við Lækjarskóla, sem var svona 16 sinnum 10 metrar, eitthvað svolítið. Það er alveg ofboðslegur munur á því.“

Síðan kom íþróttahúsið við Strandgötu og svo komu Ásvöllirnir þar á eftir. Það er svona mesti munurinn, aðstaðan sem hefur breyst og batnað á þessu tímabili. Svo er núna að verða að veruleika knattíðis uppi á Ásvöllum,“ segir Bjarni Hafsteinn að lokum.

Bæjarstjórinn varð framkvæmdastjóri uppeldisfélagsins

Móðir mín og móðursystir voru framfarlega í handboltanum hérna á árum áður, þegar gullaldarlið Hauka var að gera góða hluti. Þær voru í Íslandsmeistaralidunum 1945 og 1946, mamma og systir hennar. Systir hennar var aðalskyttan, Þorbjörg Magnúsdóttir. Þær voru alveg á kafi í þessu, mitt skyldfólk. Svo er það líka þannig í Hafnarfirðinum að þabbi var harður FH-ingur en ég og mamma og fjölskyldan, við vorum alltaf í Haukum. Svo eru það öll blessuð börnin. Flest mín barnabörn hafa verið og eru enn hérna í Haukum.“

Þetta segir Magnús Gunnarsson, sem hefur verið framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Hauka í tæpan áratug eftir að hafa þekkt boð um að taka við rekstri uppeldisfélagsins á haustmánuðum ársins 2011. „Þetta er búinn að vera óskaplega skemmtilegur tími og gefandi,“ segir hann um starfið hingað til.

Magnús hefur stutt félagið alla tíð. „Það má segja að aðkoma mín að Haukum hafi byrjað þegar ég var smástrákur hérna fyrir margt löngu. Þá æfði ég handbolta og fótíðisfélag með Haukunum eins og strákarirnir í suðurbænum í Hafnarfirði. Í mínu hverfi voru flestir Haukamenn en svo breyttist það auðvitað með árunum. Sumir fóru í FH, aðrir voru áfram og héldu sig við sitt gamla góða félag, Haukana. Ég er fæddur og uppallinn hérna og hef fylgst með þessu ágætlega félagi í gegnum tíðina.“

En svo fara afskipti mín af Haukum að aukast þegar ég dett inn í bæjarpólitíkina. Ég varð formaður bæjarráðs og síðar bæjarstjóri. Þá voru uppi miklar hugmyndir um að byggja

hér á Ásvöllum. Menn töldu nú að þeir væru lengst uppi í óbyggðum þegar þeir fengu þessa lóð vorið 1981,“ segir Magnús.

Hann var bæjarstjóri Hafnarfjarðar á árunum 1998-2002. „Á árunum áður hafði verið lagður grunnur að uppbyggingu hér og svo kom það í minn hlut sem bæjarstjóra að hrinda henni nokkurn veginn í framkvæmd. Svona framkvæmdir taka nú alltaf einhvern tíma en íþróttahúsið var svo tekið í notkun haustið 2000, og við fögnuðum því á 70 ára afmæli Hauka vorið 2001.“

Haukar höfðu áður verið uppi á Flatahrauni sem var fyrst um sinn að mörgu leyti ágætis aðstaða en svo stækkaði félagið og þurfti meira athafnarými og þá var byggt hérna á Ásvöllum, mjög myndarlega, sem hafði síðan gríðarlega mikil áhrif á allt í félaginu. Allt óx og dafnaði og byggðist upp. Það var svona allt að gerast á þessum síðustu árum fyrir aldamót,“ segir Magnús, og bætir því við að á síðustu árum hafi færst enn meiri kraftur í alla uppbyggingu á svæðinu, sem væri raunar orðið að aðaluppbyggingarsvæðinu í Hafnarfirði.

Svæðið að verða heitur reitur

Eins og hann bendir á hefur mikil uppbygging átt sér stað á Ásvöllum frá því í kringum aldamótin. „Eitt leiddi af öðru. Það var íþróttamiðstöðin árið 2000, gervigrasið var endurnýjað 2005 og aftur 2015 þegar völluminn var tekinn í gegn, svo var körfuknattleikshúsið tekið í notkun 2018 og núna erum við í þessum miklu framkvæmdum að byggja knattíðis í fullri stærð,“ segir hann.

Magnús bætir því við að ákveðið hafi verið



Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Hauka.

að reyna að léttu róður bæjarins í tengslum við þær miklu framkvæmdir sem felast í að byggja knattíðisfélagið, með því að gefa honum góðan bita af lóð á svæðinu, svo unnt yrði að reisa þar 100-110 íbúðarhús.

Haukar eiga enda í mjög góðu sambandi við Hafnarfjarðarbæ. „Það má aldrei gleymast að í svona íþróttafélögum er það barátta frá degi til dags að halda öllu gangandi. Þá er ég að tala um fjárhagslega þáttinn, sem er mjög mikilvægur íþróttafélögum til þess að geta haldið sjó. Það kostar mikið að reka íþróttafélög. Við höfum sem betur fer haft góðan stuðning frá Hafnarfjarðarbæ og erum í mjög góðum samskiptum við bæinn, sem hefur komið myndarlega til móts við okkur. Svo er það auðvitað líka gagnaðarefni að Hafnarfjörður sé tilbúinn til þess að mæta þjónustubörf íbúanna með þeim hætti að byggja glæsileg mannvirkni eins og verið er að byggja hér hjá okkur.“

Svo má geta þess að um leið og við erum komin með íþróttamiðstöð sem er með handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu og þessa góðu aðstöðu, þá búum við svo vel að svæðið er hreinlega að verða heitur reitur fyrir íþróttir, vegna þess að hér hinum megin er

glæsileg sundlaug, við erum með World Class og Reebok Fitness, við erum með hótél og við erum með ýmis þjónustufyrirtæki, verslanir og meira að segja safnaðarheimili og kirkju. Þannig að við getum verið ágætlega stolt af þessum ágætu bæjarfulltrúum sem af framsýni sinni úthlutuðu Haukunum lóð fyrir þetta mörgum áratugum,“ segir Magnús.


Höfum náð mjög góðum árangri

Þegar kemur að því starfi sem er unnið hjá Haukum kveðst hann sómuleiðis stoltur. „Það er gríðarlegt uppeldisstarf unnið hérna í félaginu en svo viljum við auðvitað ná árangri og það verður að segjast alveg eins og er að við höfum náð mjög góðum árangri. Það hefur verið löng hefð fyrir góðum árangri hérna í handboltanum og karfan hefur líka náð mjög góðum árangri á undanförunum mörgum árum.“

Svo með því að fá þessa aðstöðu með knattíðisfélaginu erum við í raun að leggja grunn að þeirri deild til framtíðar, því aðstaðan hefur náttúrulega verið hörmuleg hérna hvað knattspyrnuna varðar. Ef við berum okkur til dæmis saman við vini okkar í FH er aðstaða til knattspyrnuíðkunar engan veginn sambærileg. Þess vegna er það bara þannig að krakkarnir hafa í einhverjum mæli leitað í hitt félagið því aðstaðan hefur ekki verið nægilega góð.“

Þrátt fyrir að boltaíþróttirnar þrjú innihaldi flesta iðkendur eru fleiri möguleikar fyrir fólk sem hefur áhuga á að taka þátt í starfi Hauka. „Við erum með hugaríþróttadeild, karatedeild, almenningsdeild. Allar þessar deildir hafa ákveðnu hlutverki að gegna, það eru ekki allir sem fara í handbolta, körfubolta eða fótíðisfélag. Þeir geta þá fundið sér afþreyingu í íþróttum með margvíslegum hætti, það skiptir verulegu máli. Það hefur verið lán félagsins að búa yfir miklum mannauð með frábæru starfsfólki, sjálfbodaliðum og velunnurum félagsins og þeim ber öllum að þakka,“ segir Magnús.

Að lokum segir hann Hauka státa af miklu og öfluggu félagsstarfi. „Það er gaman að segja frá því að það sem hefur einkennt þetta félag er mjög sterk félagshefð sem skiptir verulega miklu máli. Þessi hefð er svona límið í félaginu, hversu vel því hefur tekist að vera með öflugt félagsstarf. Við erum líka með samkomusál, sem hefur reynst okkur mjög vel, bæði fyrir skemmtanir sem við erum með sjálf og síðan hafa Hafnfirðingar getað leigt sali hjá okkur.“



Ekki fyrir lofthrædda!
(60 metra vinnuhæð)



Spjótlyftur - Skæralyftur - Gröfur - Valtarar - Rafstöðvar
Jarðvegsþjöppur - Lyftarar - Ljósamöstur og margt fleira.



Við óskum Haukum
innilega til hamingju
með 90 ára afmælið!

TÆKI.IS

Norðurhella 5 - 221 Hafnarfjörður
Sími 565 3344 - taeki@taeki.is



Áttum góða möguleika gegn bestu liðum Evrópu

Pegar talað er um gullaldarskeið karlalíðs Hauka í handknattleik er afar líklegt að Halldór Ingólfsson komi umsvifalaust upp í hugann. Það væri ekki að ósekju þar sem hann lék 16 tímabil með liðinu frá 1991 til 2008 og vann á þeim tíma 15 titla, þar af sex Íslandsmeistaratitla.

Haukar urðu deildarmeistarar í fyrsta sinn árið 1994 en töpuðu þá í úrslitaleik úrslitakeppninnar gegn Val. Þeir unnu svo bikarmeistaratítul árið 1997 en gullaldarskeiðið hófst fyrir alvöru þegar fyrsti Íslandsmeistaratitillinn síðan árið 1943 vannst.

Aðspurður hvað hafi orsakað þennan magnaða árangur liðsins segir Halldór: „Það er náttúrulega bara það að það var vel haldið utan um hópinn. Þetta var góður hópur sem var með góðan þjálfara og góða stjórn á bak við sig.“

Á árunum 2000-2010 unnust alls átta Íslandsmeistaratitlar. Með öllum þessum sigrum kom vitanlega þátttökuréttur í Evrópukeppnum. Árið 2001 komst liðið til að mynda alla leið í undanúrslit EHF-keppninnar.

„Við byrjuðum í Meistaradeildinni en dutt-

um þar út gegn Braga og þá fórum við í EHF-keppnina. Við spiluðum þar við norsku liðin Bodø og Sandefjord og svo við Sporting Lissabon. Þarna tókum við þátt í mörgum mjög spennandi einvögum.

Við spiluðum báða leikina við Bodø í 32-liða úrslitunum hérna heima, báðir hörkuleikir sem unnust. Síðan spiluðum við gegn Sandefjord í 16-liða úrslitunum. Sandefjord var með mjög gott lið en við unnum þá með 10 mörkum á heimavelli. Við fórum svo til Sandefjord svona nokkuð sigurvissir en lendum síðan í því, bara í hálfleik, að við erum 10 mörkum undir. Þannig að það var svolítið áfall. Við breytum þá um vörn og náum að hanga og vinna þá með, eða öllu heldur tapa með níu mörkum, og unnum þá samtals með einu marki og komumst þá naumlega áfram.

Svo spiluðum við á móti Lissabon. Við byrjuðum úti í Portugal og gerðum jafntefli, 21:21. Svo vorum við ekki langt frá því að detta út á heimavelli þar sem að þegar það voru 9-10 sekúndur eftir þá skora þeir og þá eru þeir komnir áfram þannig að við þurftum að skora á síðustu níu sekúndunum til þess að komast áfram. Einhvern veginn keyrðum við upp og Einar Örn skorar bara á síðustu sek-



Halldór Ingólfsson vann ógrynni titla með Haukum á gullaldarárum liðsins.

úndunni,“ rifjar Halldór upp. Í undanúrslitum mættu Haukar svo Metkovic Jambo frá Króatíu. Fyrri leikurinn heima tapaðist með tveimur mörkum og sá síðari í Króatíu með fjórum mörkum. Haukar stóðu því vel í þessu öflugum liði.

„Þeir voru fyrrverandi Evrópuameistarar og þetta voru bara mjög jafnir leikir og hefðu getað farið á hvorn veginn sem var, en þeir reyndust sterkari. Þetta voru tveir hörkuleikir og það var virkilega gaman að spila þá. Þetta voru auðvitað frábærir tímar og skemmtilegir. Við áttum alveg góða mögu-

leika gegn bestu liðum Evrópu á þessum tíma og vorum bara hársbreidd frá því að komast í úrslit þetta árið,“ segir hann.

Barcelonaleikurinn einn sá besti

Haukar hafa spilað vel á annað hundrað Evrópukeppna og margir þeirra hafa verið gegn stórlíðum. Tímabilið 2003/2004 litu dagsins ljós ein bestu úrslit íslenskrar handknattleikssögu. Haukar höfðu þetta tímabil unnið sér þátttökurétt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu eftir að hafa unnið Sao Bernardo örugglega í tveimur leikjum. Haukar drögust svo í afar erfðan riðil með stórlíðum.

„Þetta var hörkuriðill. Þetta voru Magdeburg, Barcelona og Vardar Skopje. Við töpuðum báðum leikjum gegn Magdeburg en unnum báða leikina gegn Skopje. Það voru tvö lið áfram en við lentum í þriðja sæti,“ segir Halldór.

Stígun urðu alls fimm því Haukar gerðu ótrúlegt jafntefli gegn Barcelona á heimavelli spænska stórlíðsins. Andri Stefan Guðrúnarson skoraði jöfnunarmarkið á lokasekúndunum með skoti aftur fyrir sig eftir að hafa hálfðotið inn í vítateigin.

Um var að ræða fyrsta skiptið í sex ár sem Barcelona náði ekki að vinna á heimavelli í Evrópukeppni. Halldór segir enda að þetta hafi verið einn besti leikur Hauka á löngum ferli hans með liðinu.

Beðinn að velja einhvern einn titil af þeim 15 sem hann vann með Haukum sem standi upp úr segir Halldór að lokum: „Ég held að það sé fyrsti Íslandsmeistaratitillinn árið 2000. Við vorum ekki taldir líklegir til árangurs það árið. Það var virkilega skemmtileg stemning sem myndaðist í kringum úrslitakeppnina og alla þessa leiki sem við spiluðum þá. Svo var það sætur sigur að lokum að enda með því að fá titilinn. Það var eitthvað extra sætt við fyrsta stóra, eða stærsta, titilinn!“

Ótrúlega skemmtilegur tími sem ég á góðar minningar frá

Sigurganga Hauka í handknattleik kvenna var einstæð á rúmlega áratugur tímabili, árunum 1996-2007. Alls unnust 12 titlar, þar af voru fimm Íslandsmeistaratitlar, fjórir bikarmeistaratitlar og þrjú deildarmeistaratitlar. Harpa Melsted er goðsögn hjá félaginu enda var hún hluti af Haukaliðinu sem vann alla þessa titla, og lék allan sinn feril með Haukum. Hún gat sér fljótt gott orð, bæði sem mikil markaskána og öflugur varnarmaður, og var fyrirliði Hauka um langt árabil. Harpa lék auk þess 51 landsleik og skoraði í honum 70 mörk.

Fyrstu árin hennar með liðinu voru ekki jafn árangursrík þegar liðið var mest um miðja deild eða í kringum botnsætin. En ungt lið Hauka var þá að leggja grunn að einhverju stórkostlegu. Kvinnalið Hauka varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn árið 1945 og svo aftur 1946. Því var hálf öld liðin á milli Íslandsmeistaratitla þegar hann vannst loks að nýju árið 1996.

Hvernig var það fyrir Hörpu að upplifa þennan fyrsta titil liðsins sem hún var hluti af? „Þetta var ótrúlega skemmtilegur og góður hópur. Kvinnaliðið hafði náttúrulega ekki unnið stóran titil í 50 ár þannig að þetta var rosalega stór áfangi hjá klúbbum að vinna þennan titil og markaði upphaf að mikilli velgengni sem var svo fram undan,“ segir hún.

Íslandsmeistaratitillinn 1996 var einmitt sérstaklega eftirminnilegur þar sem Haukar náðu að snúa næsta ómögulegri stöðu við. Í úrslitaeinvögu gegn Stjörnunni, þá ríkjandi Íslandsmeisturum, voru Haukar lentir 0:2 undir, unnu næstu tvo leiki og tryggðu sér þar með oddaleik, sem þær og unnu. Hvernig fór liðið að þessu?

„Svona rímmur eru náttúrulega bara rosalega mikið andlegt stríð. Við áttum svona fyrirfram meira að vera litla liðið og vorum komnar með bakið upp að vegg. [Petr] Baumruk var að þjálfa okkur þarna og hann er náttúrulega mikill keppismaður og við vorum bara ótrúlega vel mótfæraðar.“

Svo þegar fyrsti leikurinn vinnst, þá kemstu á bragðið og færð smjörþefinn og hugsar með þér að þetta sé hægt, þetta er mögulegt. Eftir það var hver leikur í rauninni eins og bikarúrslitaleikur, þú máttir ekki tapa.

Ætli þetta hafi ekki bara verið einn besti skóli sem hugsast getur fyrir okkur margar upp á það sem koma skyldi. Þú þarft alltaf að fara í alla leiki til þess að vinna þá og ef þú ert með bakið upp við vegg hefurðu ekkert mikið svigrúm til þess að gera mistök,“ útskýrir Harpa.

Hún segir fyrstu árin sín í meistaraflokki, þar sem liðinu gekk ekki nærri því jafn vel, sömuleiðis hafa lagt grunn að velgengninni sem fylgdi í kjölfarið. „Við vorum nokkuð margar uppaldar hjá félaginu sem byrjuðum ungar að spila, ég og Hanna Guðrún [Stefánsdóttir] til dæmis, sem er nú ennþá að spila! Þannig að auðvitað var það skóli að vera alltaf að berjast í bökum og svo finnurðu þegar þú færð smjörþefinn að það sé fræðilegur möguleiki að bæta sig og liðið styrkist. Þú öðlast þessa trú og allur klúbburinn var með í því og hafði trú á okkur.“

Svo kemur þetta bara smám saman. Þetta er oft erfitt að útskýra, maður veit ekki alveg hvað gerist nákvæmlega en bara einhvern veginn akkúrat þarna smá þetta og einmitt þetta kannski, að vera 0:2 undir og ná þessum viðsnúningi, það held ég að svona við með góða þjálfara. Þetta var batteri sem gekk upp, það var gott utanumhald og þetta er bara frábær klúbbur,“ segir hún.

Stærsta upplifunin að spila oddaleiki

Eftir þennan fyrsta titil óx liðinu einungis ásmegin. „Haukar eru bara ótrúlega flottur klúbbur sem hefur lagt mikinn metnað í að hafa hlutina í lagi kvennamegin. Þetta byrjaði kannski þarna að verða svolítið alvöru og í kjölfarið voru góðir leikmenn sem vildu koma í Hauka, sem var ómetanlegt, og auðvitað voru margir góðir upplidur. Svo vorum við með góða þjálfara. Þetta var batteri sem gekk upp, það var gott utanumhald og þetta er bara frábær klúbbur,“ segir Harpa.

Af titlunum 12 sem Haukar unnu þegar Harpa spilaði með liðinu segir hún erfitt að velja á milli hver hafi staðið upp úr en sá fyrsti sé alltaf sérstakur. „Titillinn 1996 er náttúrulega fyrsti stóri Íslandsmeistaratitillinn minn persónulega og klúbbsins í langan tíma á þessum tíma, þannig að hann er líklega stærstur og eftirminnilegastur. En svo eru margir mjög sætir sigrar.“

Við vinnum þarna bæði 1996 og 1997 rímmur við Stjörnunna, þær fóru báðar í



Ljósmynd/Pórir Tryggvason

Harpa Melsted hélt tryggð við uppeldisfélag sitt alla tíð og uppskar ríkulega, innan vallar sem utan.

fimm leikja úrslitakeppni og oddaleiki. Það er svona stærsta upplifunin sem ég get ímyndað mér, þetta er svipað því að spila bikarleiki. Mér finnst þessir oddaleikir vera á pari við bikarúrslitaleiki, það er bara allt undir.

Það var svo gaman að þarna fylgdist allur Hafnarfjörður með og studdi við bakið á okkur og þekkti okkur úti á götu af því að þetta var sýnt á kjörsjónvarpstíma á RÚV, þar sem allir fylgdust með. Þetta var bara ótrúlega skemmtilegur tími og mér fannst skemmtileg stemning í kringum þetta og á góðar minningar frá þessum tíma,“ rifjar hún upp.

Ef rimman við Stjörnunna árið 1996 var spennandi var rimman við liðið árið 1997 ekki síðri. Þá virtist sem taflaði ætlaði að snúast við frá árinu áður. Haukar komust nefnilega í 2:0 en Stjarnan jafnaði einvígið 2:2. Með bakið upp við vegg unnu Haukar svo oddaleikinn í Garðabænum í æsispennandi tvíframlengdum leik. Þetta sama ár vannst bikarmeistaratitillinn í fyrsta skipti.

Unnu alla leikina í úrslitakeppninni

Tímabilin þrjú á eftir vann Stjarnan Íslandsmeistaratitilinn tvisvar og ÍBV einu sinni, en Eyjakonur urðu helsti keppinautur Hauka í byrjun nýrrar aldar. „Það var í kringum aldamaðin sem við fórum aftur að vera mjög sigursælir. Það var eitt tímabil, 2000/2001, sem við urðum deildarmeistarar og fórum taplausar í gegnum alla úrslitakeppnina og vorum með þvílíka yfirburði, þegar Ragnar Hermannsson þjálfaði okkur,“ segir Harpa,

en líkt og hún bendir á unnust allir leikirnir í úrslitakeppninni 2001; fyrst tveir leikir gegn Val, þá tveir gegn Stjörnunni og svo þrjú gegn ÍBV.

Haukar fylgdu þessa lygilega tímabili eftir með því að verða aftur Íslandsmeistarar og deildarmeistarar árið 2002. Bikarmeistaratitillinn kom í hús árið 2003 og árið 2005 unnust enn á ný Íslandsmeistaratitillinn og deildarmeistaratitillinn. Þeim var fylgt eftir með tveimur bikarmeistaratitlum árin 2006 og 2007. Eftir tímabilið 2007/2008 ákvað Harpa að láta gott heita og leggja skóna á hilluna. Eftir að hún hætti hafa tveir deildarmeistaratitlar bæst við, árin 2009 og 2016, en Íslandsmeistaratitillinn hefur ekki unnist síðan 2005.

Stolt að hafa haldið tryggð við Hauka

Þegar Harpa lítur um öxl fyllist hún stolti. „Ég var allan ferilinn í Haukum, alveg frá því ég var átta ára gömul og þar til ég hætti. Mér bauðst oft að fara í önnur lið, bæði innanlands og meira að segja úti líka en það einhvern veginn gerðist ekki. Ég var í krefjandi námi og er náttúrulega bara mjög rótgróin Haukamanneskja með stórt Haukahjarta.“

Auðvitað hefði það kannski verið sniðugt á einhverjum tímupunkti að prófa eitthvað annað en í dag er ég mjög stolt af því að hafa alltaf haldið tryggð við félagið mitt. Nú eru börnin mín að æfa handbolta líka hjá félaginu þannig að tengingin er svo mikil og góð. Maður er bara einhvern veginn hluti af þessari fjölskyldu,“ segir Harpa að lokum.



Casö 701 langborð



KRAGELUND Handrup



GLOBL VIKTOR
Hvíldarstóll



Rimme frá Casö, raðau saman þinni samstæðu



Borstofuhúsgön frá Casö

- Stólar
- Sófasett
- Borðstofuborð
- Skenkar/skápar
- Hvíldarstólar
- o.m.fl.

Klassísk gæða húsgögn á góðu verði



KRAGELUND Aya K 129



KRAGELUND K371



Mikið úrval af hvíldarstólum með og án rafmagns.

Komið og skoðið úrvalið



Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

HÚSGAGNAVERSLUN

SKILAÐU MÉR AFTUR Í ENDURVINNSLU

Gerðar úr

Coca-Cola

100% endurunnu
plastí*
endurunnu



*Gildir ekki um miða og tappa.

All rights reserved. COCA-COLA, COCA-COLA ZERO, COCA-COLA LIGHT, FANTA, SPRITE, SPRITE ZERO and TOPPUR are registered trademarks of The Coca-Cola Company.



Morgunblaðið/Eggert

Haukar fagna Íslandsmeistararitilinum árið 2016.



Morgunblaðið/Porkell

Harpa Melsted fagnar ásamt liðsfélögum sínum eftir að Íslandsmeistararitilinn árið 2005 var í höfn.

Byggðum handknattleiksdeildina upp í rólegheitum

Porgeir Haraldsson og handknattleiksdeild Hauka hafa fylgst að nánast allt æviskeið hans. Hann æfði handknattleik með yngri flokkum og lék síðar með meistaraflokki Hauka. Þá hjálfaði hann meistaraflokk karla um skeið og hefur verið formaður handknattleiksdeildarinnar í ár. Þorgeir er því einn af þeim sem lögðu grunninn að gullaldarskeiðum bæði karla- og kvennaliða Hauka.

„Ég vil meina að þetta byrji árið 1989 þegar karlaliðið fór niður um deild og við ákváðum að fara upp aftur. Við náðum okkur í [Petr] Baumruk og þá mönnum við liðið með góðum leikmönnum annars staðar frá eftir það, Palla Ólafs og fleirum. Síðan ákváðum við nokkrir sem höfðum verið að spila handbolta í gamla daga að taka bara þessa handknattleiksdeild yfir,“ segir Þorgeir, en eftir fall úr úrvalsdeildinni voruð 1989 fór karlaliðið rakleitt upp aftur að ári liðnu.

„Við settum okkur bara þessi markmið, að byggja þetta upp í rólegheitum. Og síðan byrjuðum við. 1993/1994 varð karlaliðið deildarmeistari í fyrsta skipti, þá var Jóhann Ingi að hjálfa okkur og grunnurinn að þessu hefur alltaf verið sá að vera með færustu hjálfara sem völ er á, það hefur svona verið okkar mottó,“ bætir hann við.

Kvennaliðið var ekki undanskilið. „Við tókum konurnar með líka, þær byrjuðu á að verða Íslandsmeistarar árið 1996. Við lögðum grunninn að velgengninni hjá konunum um leið og hjá körlunum. Við höfum alltaf haft þetta hlið við hlið og haft sömu markmið fyrir báðar deildirnar, bæði karla og konur.

Um þetta leyti voru leikmenn kvennaliðsins efnilegri, grunnurinn að meistaraliðinu okkar 1996 voru til dæmis uppaldir stelpur; Harpa Melsted, Hanna Guðrún [Stefánsdóttir] og fleiri, í bland við leikmenn frá öðrum liðum. Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera með fagmennsku í þjálfuninni og byggt upp á okkar eigin leikmönnum með hjálp þá annarra þangað til við getum verið nánast sjálfbær eins og við erum í dag. Í dag eru 85-86 prósent af leikmannahópi karlanna uppaldir og það er svona að síga í áttina að því í kvennaliðinu líka,“ segir Þorgeir.

Eins og Þorgeir bendir á hefur alltaf verið lagt mikið upp úr því hjá handknattleiksdeildinni að vera með bestu þjálfarana í meistaraflokkum. Er það líka stefnan í yngri flokkum? „Já, í dag er það orðið þannig en auðvitað hefur það ekki alltaf verið hægt. Árið 2000, þegar bylting verður á aðstöðunni, og svo þegar Ólafsalur kemur árið 2018, þá erum við svona komnir á þar við önnur félög miðað við þá æfinga-

aðstöðu sem við höfum, því við höfum alltaf verið í bland með körfunni, sem er líka afreksíþrótt og þarf sinn tíma fyrir sína iðkendur.

Við höfum alltaf verið bara með einn sal í rauninni. Síðan þá hefur þessi uppbygging verið markviss frá yngri flokkunum og þeir eru náttúrulega að spila í dag þeir leikmenn sem sáu þetta sem ungbörn árið 2000, þegar við fórum upp á Ásvelli,“ segir hann.

Lygileg sigurganga

Nýja íþróttamiðstöðin á Ásvöllum var tekin í notkun í september árið 2000. Eitthvað virðist flutningurinn hafa hjálpað handknattleikslíðum Hauka að taka næsta skref því sigurganga beggja liða frá aldamótum var með töluverðum ólíkindum, sérstaklega hjá karlaliðinu, þar sem átta Íslandsmeistararitilur litu dagsins ljós á árunum 2000-2010, þótt sá fyrsti þeirra hafi að vísu komið í íþróttahúsinu á Strandgötu.

„Karlaliðið hafði orðið Íslandsmeistari árið 2000 í Strandgötu og það var fyrsti titillinn hjá því eftir langa bið. Eftir hann hefur ekkert verið aftur snúið. Þótt það komi eitt og eitt ár sem við vinnum ekki eitthvað þá er þetta bara svona,“ segir Þorgeir.

Kvennaliðið, sem hafði orðið Íslandsmeistari árin 1996 og 1997, tók sömuleiðis vel í flutninginn á Ásvelli og varð Íslandsmeistari árin 2001, 2002 og 2005. Árið 2001 var sérstaklega eftirminnlegt þar sem Haukaliðið vann alla sjö leikina sína í úrslitakeppninni og tapaði ekki einum einasta.

Síðustu titlar sem unnust hjá handknattleiksdeildinni komu árið 2016. Karlaliðið varð þá Íslands- og deildarmeistari og kvennaliðið deildarmeistari. „Það er svolítið langt fyrir okkur! En auðvitað voru alveg jafnir möguleikar í fyrra hjá karlaliðinu. Við töldum að við gætum orðið Íslandsmeistarar þá en mótið kláraðist auðvitað ekki.

Það er ekkert annað á stefnuskránni hjá karlaliðinu en að vinna titla, það er bara þannig. Við leggjum alltaf mjög mikið upp úr því að vinna titil sem mörg lið einblína ekki á, við leggjum upp úr því að vinna deildina vegna þess að þar liggur allur veturinn undir og sigur þar er það sem tryggir að þú farir sem best settur inn í úrslitakeppnina,“ segir Þorgeir, en þegar þetta er skrifað eru Haukar efstir í Ólisdeild karla.

Verðum að gera hlutina svona

Hann segir stefnu handknattleiksdeildarinnar gagnvart uppöllum leikmönnum sömuleiðis skýra. „Grunnurinn sem við gerum við alla okkar leikmenn er að við tókum þá unga og byrjum á að gera samning við þá, svona uppeldissam-



Morgunblaðið/Kristinn

Þorgeir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Hauka.

Titlar handknattleiksdeildar, meistaraflokkur karla: (34)

» Íslandsmeistarar (11)
1943, 2000, 2001, 2003, 2004, 2005, 2008, 2009, 2010, 2015, 2016

» Bikarmeistarar (7)
1980, 1997, 2001, 2002, 2010, 2012, 2014

» Deildarmeistarar (11)
1994, 2002, 2003, 2004, 2005, 2009, 2010, 2012, 2013, 2014, 2016

» Deildarbikarmeistarar (5)
2006, 2010, 2012, 2014, 2016

Titlar handknattleiksdeildar, meistaraflokkur kvenna: (16)

» Íslandsmeistarar (7)
1945, 1946, 1996, 1997, 2001, 2002, 2005

» Bikarmeistarar (4)
1997, 2003, 2006, 2007

» Deildarmeistarar (5)
2001, 2002, 2005, 2009, 2016

ing, og þar eru markmiðin alveg skýr. Þau eru að þessi leikmaður verði okkar og að hann komist í yngri landslið og síðan í A-landsliðið, að það sé stefnan, og þaðan utan á atvinnumennsku. Stefnan okkar er sú að menn fari út á efsta sviðið.“

Þorgeir segir því handknattleiksdeildina vera með afreksstefnu. „Já, og þar til viðbótar gerum við þetta þannig að við reiknum með því að


þegar þeir koma aftur heim úr atvinnumennsku komi þeir aftur til okkar, sem hefur í svona allflestum tilfellum verið raunin.“

Þegar hann lítur til baka segir Þorgeir erfitt að velja eitthvað eitt sem stangi upp úr. „Það er rosalega erfitt. Maður man alltaf fyrsta titil karlanna í Strandgötu og fyrsta titilinn hjá stelpunum 1996. Síðan þá hefur þetta bara verið stanslaus sigurganga, þá renna titlarnir oft saman.

En kannski það sem stendur upp úr í þessu er bara staðan í dag, að við erum nánast sjálfbærir. Þetta snýst jú aðallega um að koma okkar fólki á legg hérna. Það er það sem við erum að hugsa um frá upphafi. Í sumum tilfellum er kannski komið í þriðja ættlið, þar sem einhver er farinn að spila og síðan var afi hans í þessu. Afabörnin hjá sumum af þessum leikmönnum sem byrjuðu í þessu með okkur eru farin að láta til sín taka, það er mjög skemmtilegt,“ segir hann.

Þorgeir bætir því við að grunnurinn að þessari nálgun deildarinnar sé sömuleiðis sá að það sé ekki hægt að gera hlutina öðruvísi. „Það er bara af því að við erum ekki með neina peninga til þess að sækja, kostnaðurinn er alveg óhemju mikill og við getum ekki sótt leikmenn út og suður til að fylla í liðin okkar nema við nauðsynlega þurfum þess til að koma jafnvægi á liðið.

Það er að myndast svolítil gjá í handboltanum þó að við séum, myndi ég segja, sterkasta deildin í grunninn. Við erum ekki samkeppnishæfir peningalega við tveir til þrjár aðrar handknattleiksdeildir sem eru bara með öðruvísi aðgang að peningum en við. Það á við um allar deildir í Haukum, við höfum engan aðgang að fjármagni, hvorki bæjar né byggingafrákvæmda eða eitthvað slíkt. Þá gerirðu þetta svona.“



Við tryggjum hjá Sjóvá

Sjóvá Öndur Sjóvá

Tryggjum framtíð okkar nánustu.

Líf- og sjúkdómatrygging kostar
minna en þú heldur.

Við veitum ráðgjöf á sjova.is/lifogsjuk.



SJÓVÁ



Ljósmynd/Bragi Valgeirsson

Sara Björk Gunnarsdóttir er sú íslenska knattspyrnukona sem hefur náð lengst allra. Hún hefur tvisvar verið valin íþróttamaður ársins. Hér er hún með bikarinn eftir útnefninguna árið 2020.

Frá Ásvöllum til Meistaradeildargulls

Knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir er hverjum landsmanni að góðu kunn. Hún er sú íslenska knattspyrnukona sem hefur náð lengst allra í íþróttinni. Árangurinn talar enda sínu máli. 13 ára spilaði hún sinn fyrsta meistaraflokksleik. 16 ára var hún valin í A-landsliðið í fyrsta skipti og spilaði sinn fyrsta landsleik. 17 ára fór hún til Breiðabliks og 20 ára var hún komin í besta lið sænsku úrvalsdeildarinnar, Malmö (nú Rosengård), þar sem hún fór að raða inn titlum.

Síðan þá hefur titlasöfnunin verið lyginni líkust. Frá því að Sara Björk byrjaði í atvinnumennsku árið 2011 hefur hún orðið deildar-meistari á nánast hverju tímabili. Aðeins árin 2012 og 2016 vannst ekki deildartitill í Svíþjóð. Sumarið 2016 söðlaði hún um og samdi við besta lið þýsku 1. deildarinnar, Wolfsburg, og eftir það, fyrir rúmu ári, fór hún til besta liðs frönsku 1. deildarinnar og Evrópu, Lyon. Háttindur ferilsins kom enda með Lyon, þar sem hún skoraði þriðja markið í 3:1-sigri gegn gömlu félögnum í Wolfsburg í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.

Þá hefur hún tvisvar verið valin íþróttamaður ársins hér á landi, árin 2018 og 2020, og á að baki glæstan feril með íslenska A-landsliðinu, þar sem hún hefur verið fyrirliði síðan 2014 og spilað á þremur Evrópumótum, árin 2009, 2013 og 2017. Fjórða Evrópumót hennar, annað sem fyrirliði, fer svo fram á Englandi á næsta ári.

Ferill Söru Bjarkar hófst þó í Hafnarfirði, þar sem hún byrjaði fimm ára gömul að æfa knattspyrnu með Haukum og ber hún þeim vel söguna. „Það var alveg frábært að alast upp í Haukum. Allir sem komu að starfinu þar, það var bara allt í toppstandi. Mér leið ótrúlega vel og foreldrar mínir voru fljótir að fara inn í foreldraráðið og faðir minn sem vatnsberi eða þjálfari, eða hvað sem það var til þess að hjálpa til.“

Þetta var ótrúlega fjölskylduvænt og margir foreldrar krakkanna tóku mikinn þátt í starfinu. Það er svona það sem stendur upp úr frá því þegar maður var yngri, maður man alltaf eftir foreldrunum sem lögðu margt í þetta starf. Það voru allir rosalega tengdir í klúbbum,“ segir hún.

Sara Björk segist ekki hafa vitað það strax að hún myndi vilja leggja knattspyrnuna alfar-

standi til verulegra bóta á allra næstu árum. „Pegar ég var fimm ára að byrja man ég að ég æfði til dæmis í gamla Lækjarskóla, inni í litla salnum þar, innanhússsal, og inni í Strandgötu, á handboltavellinum þar. Svo æfði maður úti á Ásvöllum á teppinu, í snjó og rigningu og roki og klaka. Maður æfði úti í Sörla, úti í hesthúsi. En ég veit það ekki, ég lít aldrei til baka og hugsá: „Djöfull var þetta erfitt og leiðinlegt að þurfa að vera að standa í þessu.“

Sá ekki fram á að verða atvinnukona

Hún bendir á að umhverfi kvennaknattspyrnunnar sé öðruvísi en í æsku hennar, nú séu breyttir tímar. „Eins og þetta var þá og eins og þetta er núna, í dag eru möguleikar fyrir konur að verða atvinnukonur í fótbolta og það vissi ég ekki þegar ég var yngri. Ég átti ekki kvenkyns fyrirmyndir og sá ekki fram á að ég myndi verða atvinnukona í fótbolta.“

Ég fylgdist með enska karlaboltanum þegar ég var yngri. Ég sá ekki fram á að ég yrði sjálf einhver atvinnumaður. Það eina sem hélt mér í boltanum var að mér fannst þetta ótrúlega skemmtilegt, þetta gerði mikið fyrir mig. Mér fannst geðveikt að fá þessa útrás. Að vinna, að keppa. Það var svona umhverfi sem ég elskaði að vera í. Svo bara með tímanum fann ég að ég væri svona einn af bestu leikmönnum í liðinu. Ég fann að ég var að verða betri og betri og var farin að skara fram úr,“ segir Sara Björk.

Tengt því rifjar hún upp skondið atvik á knattspyrnumóti í Vestmannaeyjum, sem gaf þó fyrst og fremst visbendingu um þann leikmann og persónu sem Sara Björk hefur og hafði að geyma. „Ég man að ég fékk verðlaun í Vestmannaeyjum þegar ég var í 6. flokki. Þá var ég valin besti leikmaðurinn á mótinu. Ég man að ég var spurð hvort þessi verðlaun hefðu komið mér á óvart og ég sagði: „Nei.“ Ég var alltaf með ákveðið sjálfstraust og vissi einhvern veginn hvað í mér bjó og hvað ég gæti gert. Mig langaði alltaf í meira. Þó að maður væri þínkultill var bara eins og heimurinn væri að hrynja þegar maður tapaði og þegar það gerðist var maður tilbúinn að fara á næstu æfingu eða út að leika sér með bolta til að bæta sig.“

Aldrei leiðinlegt

Aðstæður til knattspyrnuíðkunar hafa ekki alltaf verið eins og best verður á kosið hjá Haukum þótt þær hafi lagast undanfarin ár og

standi til verulegra bóta á allra næstu árum.

„Pegar ég var fimm ára að byrja man ég að ég æfði til dæmis í gamla Lækjarskóla, inni í litla salnum þar, innanhússsal, og inni í Strandgötu, á handboltavellinum þar. Svo æfði maður úti á Ásvöllum á teppinu, í snjó og rigningu og roki og klaka. Maður æfði úti í Sörla, úti í hesthúsi. En ég veit það ekki, ég lít aldrei til baka og hugsá: „Djöfull var þetta erfitt og leiðinlegt að þurfa að vera að standa í þessu.“

Mér fannst þetta alltaf jafn gaman. Stundum mættum við bara sjö eða átta á æfingu en það breytti engu, þá var ég bara allt í einu komin í keppni við sjálfa mig. Þannig að ég er eiginlega bara þakklát fyrir að hafa fengið að ganga í gegnum þetta þegar ég var yngri. Aðstæðurnar í dag eru þannig að krakkar hafa allt til alls og eru kannski svolítið spiltir miðað við hvernig þetta var hjá manni sjálfum, ekki það að ég kvarti yfir því. Það væri samt gaman að sjá krakka og unglinga í dag í þeim aðstæðum sem maður var sjálfur í,“ segir Sara Björk.

Bygging nýs knatthúss á Ásvöllum fer af stað á næstunni og segir Sara Björk það vera mikið heillaspor. „Það er náttúrulega frábært fyrir Haukana. Ég man að það var hætt við margar æfingar vegna veðurs þegar ég var yngri, sem getur líka gerst í dag. En þegar við verðum komin með þessa höll verður hægt að stóla á að æfingar geti farið fram og það verður hægt að nýta hana mikið.“

Reyndi að fá eitthvað út úr meiðslunum

Þegar Sara Björk var 14 ára varð hún fyrir alvarlegum meiðslum sem héldu henni frá keppni í um tvö ár. Hún sleit þá krossband auk þess sem ein brotnaði úr lærlegg hennar. Hvernig komst Sara Björk yfir þessi meiðsl?

„Mér var nú sagt að ég myndi ekki spila fótbolta aftur þannig að það var erfittur tími, ekki síst vegna þess að á þessum tímum var fótbolti bara allt fyrir mér. Þetta var ekkert einhver brjálæðisleg alvara en þetta var bara það skemmtilegasta sem ég gerði og það sem ég elskaði mest í heiminum. Svo allt í einu er það rífið frá þér og þér sagt að þú sért ekki að fara að spila fótbolta aftur.“

Ég fór til bæklunarlæknis sem sagði þetta við mig og við fjölskyldan ákváðum að fá annað mat hjá öðrum lækni og fengum það. Þá var

mér sagt að ég myndi fara í aðgerðina og sjá hvernig endurhæfingin myndi ganga. Eftir að ég fékk nýjan lækni var ég bara staðráðin í að koma til baka þrátt fyrir mikið mótlæti og erfða tíma. Þá sá ég fram á að það væri margt sem ég ætti eftir að gera og áfangastaðir sem ég ætlaði að komast til.“

Hún segir meiðslin hafa kennt sér margt og hjálpað mikið til við að gera hana að þeim leikmanni sem hún er í dag. „Þetta sýnir það að með því að hafa trú á því að maður komi til baka, sé tilbúinn að leggja á sig þessa leiðinlegu vinnu, þessar litlu æfingar, og vera ótrúlega þolinmóður, er allt hægt. Á þessum tíma vill maður bara fara að spila fótbolta en þarf einhvern veginn að vera heima og leggja alla þessa vinnu á sig á meðan maður bíður eftir þeim tímum að maður fái loks að spila aftur.“

Það er nákvæmlega það sem Sara Björk gerði. „Ég lagði á mig alla þessa vinnu og ég segi sjálf í dag að ég efast um að ég væri sami leikmaður og karakter ef ég hefði ekki lent í þessum meiðslum af því að þau gerðu ótrúlega mikið fyrir mig. Þau styrktu mig rosalega mikið sem manneskju og karakter og maður lærði mikið, þetta var þvílíkur lærdómur.“

Maður ákveður svolítið sjálfur hvernig maður tekur á þessu og ég gerði það bara með því að reyna að fá eitthvað út úr þessum meiðslum, fá svona ákveðinn lærdóm, þolinmæði og styrk, og ég fékk það og meira til.“

Ómissandi stuðningur Hauka

Sara Björk segist Haukum ævinlega þakklát, ekki síst fyrir stuðninginn sem henni var veittur þegar hún glímdi við alvarleg meiðsl sín. „Haukarnir eiga alltaf stóran stað í hjarta mínu. Félagið gerði ótrúlega mikið fyrir mig á mínum ferli þegar ég var að þroskast sem ungur leikmaður og mér finnst stuðningurinn sem ég fékk þegar ég var að ganga í gegnum meiðslin hafa verið ómissandi.“

Sara Björk segir að lokum að það sé morgunljóst hvert félagið hennar sé, þótt tæp 13 ár séu liðin frá því að hún spilaði síðast fyrir það. „Ég er afar þakklát og þykir ótrúlega vænt um þetta félag, félagið mitt. Ég er náttúrulega bara Haukari. Það er svolítið langt síðan ég spilaði með Haukunum en ég verð alltaf Haukari.“

Knattspyrnufélagið Haukar

90 ára, 12. apríl 2021

Viðburða- dagatal

Mái

Vorhátíð allra deilda

24. maí

Hvítasunnulaup skokkhóps
Hauka

September

Golfmót Hauka – afmælistmót

23. september

Viðurkenningarhátíð Hauka

23. október

Afmælishátíð Hauka

25. nóvember

Jólabingó

Lok árs

Afmælisárið kvatt með flug-
eldasýningu



Árni Gunnlaugsson, hrl. og fyrrverandi forseti bæjarstjórnar, ásamt þremur fyrrverandi formönnum Hauka, þeim Guðsveini Þorbjörnssyni, Karli Auðunssyni og Stefáni Rafni Þórðarsyni.



Hjördís Helga Ægisdóttir á verðlaunapalli á karatemóti Reykjavík International Games í fyrra, þar sem hún lenti í 2. sæti í kumite.



Gervigrasdúkur lagður á tilvonandi keppnisvöll Hauka í knattspyrnu sumarið 1992.



6. flokkur Haukastúlkna í knattspyrnu sem hlaut háttvís-
isverðlaun Stúlknámóts Tindastóls á Sauðárkróki árið 2019.

Knatthúsið verður algjör bylting

Stefnt er að því að fyrsta skóflustungan að nýju og glæsilegu knatthúsi að Ásvöllum verði tekin á 90 ára afmælisdegi Hauka þann 12. apríl. Halldór Jón Gardarsson, formaður knattspyrnudeildar Hauka, telur að tilkoma knatthússins muni miklu breyta fyrir félagið. Ef allt gengur eftir verða iðkendur farnir að æfa í húsinu haustið 2022.

„Ég vil meina að það verði algjör bylting fyrir okkur. Fyrir okkar iðkendur fyrst og fremst og fyrir okkar þjálfara. Svo opnast möguleikar fyrir okkur að stækka deildina. Við vitum það að margir krakkar hafa verið að fara jafnvel langar leiðir til þess að æfa með öðrum félögum vegna þess að þar er betri aðstaða. En þegar við verðum komin með þetta knatthús þá verður það, alla vega fyrir börn í suðurbæ Hafnarfjarðar, mikil lyftistöng. Það mun líka skapa okkur möguleika á að vera með fótbolta- og annað slíkt yfir vetrartímann,“ segir Halldór Jón.

Um verður að ræða löglegan völl í fullri stærð með lofthæð miðað við núverandi reglur. „Þó að það hafi ekki tekist á síðasta ársþingi hjá KSÍ að samþykkja breytingu á deildakeppni mun það að lokum óhjákvæmilega gerast að Íslandsmótið verður lengt á einhverjum tímamarki, sérstaklega þegar aðstaðan er orðin betri. Fyrir knattspyrnuna í heild sinni er þetta alveg gríðarlega mikill munur þar sem með öllum þessum húsum í fullri stærð og smá aðstöðu fyrir áhorfendur býðurðu einfaldlega upp á þann möguleika að lengja Íslandsmótið,“ segir hann.

Í gegnum árin hefur verið ráðgert að byggja þak á stúku aðalvallarins á Ásvöllum en það er ekki í forgangi sem stendur. „Það er ekki í plönunum akkúrat núna en það er samt svona næsta verkefni sem við þurfum að fara í. Það þarf tvímælaust að bæta aðstöðu fyrir áhorfendur á okkar aðalkeppnisvelli og þar á meðal að setja þak yfir núverandi stúku eða reisa nýja stúku. Það eru til teikningar af nýrri stúku með tengibyggingu og slíku inn í svæðið. Hún er reyndar mjög fin stúkan okkar en við þurfum pottþétt þak.

Það sem við þurfum líka að bæta eru búningssklefar en ég veit ekki hversu margir gera sér grein fyrir því hversu góð nýting er á Ásvöllum, á báðum sölunum, á handboltasalnum og Ólafssal [körfuboltasalnum]. Þar eru skólabörn alla daga og það er mikill skortur á búningssklefum. Við fengum ekki búningssklefa þegar Ólafssalur var byggður en núna er áætlað að það komi búningssklefar með knatthúsinu,“ segir Halldór Jón.

Vilja vera í efstu deild

Í gegnum árin hafa Haukar nokkrum sinnum komist upp í efstu deild, en iðulega fallið jafnarðan aftur niður í næstefstu deild. Undir merkjum ÍBH lék karlalíðið í efstu deild árin 1957, 1958 og 1961 og undir merkjum Hauka árin 1979 og 2010. Kvennaliðið hefur spilað í efstu deild árin 2003 (sameiginlegt lið Þróttar Reykjavíkur og Hauka), 2010 og 2017. Þess má til gamans geta að Haukar náðu því árið 2010 að vera með öll meistaraflökssíni sín í bolta-íþróttum, þ.e. handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu, í efstu deild.

En hvað veldur því að knattspyrnulið Hauka hafa átt í erfiðleikum með að halda sér í efstu deild? „Það eru án efa ýmsir þættir sem spila



Teikning af knatthúsinu og aðstöðunni á Ásvöllum eins og hún mun koma til með að líta út.

þar inn í. Einn af þeim er sá að við leggjum gríðarlega áherslu á það að við viljum spila á uppöldum leikmönnum, að gera þetta þannig og fara ekki fram úr okkur í fjárhagslegum skuldbindingum. Hvaða klúbbur sem er getur svo sem komið sér í efstu deild í dag ef hann hefur, má segja, fjármagnnið til þess. Þannig að þetta snýst aðallega um stefnuna, hvort við viljum taka þá stefnu að fara að reyna að safna fyrir slíku og fjárfesta í slíku.

Við höfum frekar viljað gera þetta í rólegheitunum, af smá þolinmæði. Karlaliðið var náttúrulega búið að vera í fyrstu deild í mörg ár þannig að það var mikið áfall þegar við féllum niður í C-deild, enda er markmiðið að koma liðinu aftur upp í Lengjudeildina. Við þurfum að byrja þar en markmiðið hjá okkur til lengri tíma er að sjálfsögðu að koma báðum liðum upp í efstu deild og halda þeim þar. Það hefur ekki verið neitt launungarmál með það hjá kvennaliðinu sérstaklega, þar höfum við verið að stefna að því að koma liðinu upp í efstu deild núna undanfarið ár, það hefur bara því miður ekki tekist aftur eftir að við vorum þar 2017. En svo snýst þetta mikið til um krónur og aura,“ segir hann.

Öflugt starf yngri flokka

Halldór Jón segir Hauka ekki þurfa neinu að kvíða þegar kemur að framtíð knattspyrnunnar. „Ég er mjög brattur og hjartsynn fyrir framtíðinni hjá Haukum vegna þess að nú þegar erum við að gera vel í barna- og unglingsstarfinu. Það sem við höfum til dæmis gert núna undanfarið er að við höfum eytt miklum tíma í það að móta nýja námskrá fyrir barna- og unglingsstarfið, þar sem við leggjum sérstaka áherslu á þróun leikmanna frá því að



Halldór Jón Gardarsson, formaður knattspyrnudeildar Hauka.

þeir eru í 8. flokki og alveg upp í meistaraflök.

Við erum með þó nokkra leikmenn í yngri landsliðum, sem er vel. Við sjáum það bara núna upp á síðkastið karlamegin að þrír ungir leikmenn, tveir fæddir 2004 og einn fæddur 2003, hafa verið seldir. Einn er farinn til Ítalíu í eina virtustu akademíu Evrópu, sem er Atalanta, einn fór til Vals og einn til Breiðabliks,

sem eru jú glæsileg fótboltafélög.“ Leikmennirnir þrír sem hann á við eru Óliver Steinar Guðmundsson til Atalanta, Kristófer Jónsson til Vals og Arnar Númi Gíslason til Breiðabliks.

Halldór Jón segir þetta vera eins kvennamegin. „Við erum að gera mjög vel stúlknamegin. Miðja íslenska landsliðsins er skipuð tveimur leikmönnum sem eru uppaldir hjá Haukum, það eru þær Sara Björk Gunnarsdóttir og Alexandra Jóhannsdóttir. Við erum síðan með fleiri stelpur sem eru að fá tækifæri með yngri landsliðum og svo framvegis. Það er auðvitað frábært.“

Líkt og er gert í öðrum deildum Hauka segir hann knattspyrnudeildina leggja ríka áherslu á góða þjálfara. „Við höfum lagt gríðarlega mikla áherslu á að fjárfesta vel í þjálfurum. Við höfum líka verið með þjálfara í fullu starfi, sem var ekki áður og er þannig séð tiltölulega nýlegt. Við erum með nokkra þjálfara sem eru núna í föstu fullu starfi hjá okkur, það eru til dæmis yfirþjálfarar og afreksþjálfarar sem eru líka meistaraflökspjálfarar.

Svo erum við með afrekslínu knattspyrnudeildar, þar sem við erum með yfir 100 krakka. Það eru krakkar sem eru allt niður í 8. bekk í grunnskóla og upp í framhaldsskóla. Við erum þar í samstarfi við grunnskólana annars vegar og hins vegar Flensborgarskólann. Þar er mjög metnaðarfullt starf í gangi. Þannig að það er margt mjög jákvætt. Svo mun knatthúsið og bara betri aðstaða almennt, til dæmis með hinum grasvöllumum sem við munum fá á svæðinu, hjálpa okkur enn betur að vaxa og þróast á jákvæðari hátt á alla vegu. Því er ég mjög hjartsynn fyrir framtíðinni hjá Haukum,“ segir Halldór Jón að lokum.

Samstarf við Glasgow City

Í síðasta mánuði gerðu knattspyrnudeild Hauka og skoska félagið Glasgow City með sér samkomulag um samstarf félaganna. Samkomulagið felur meðal annars í sér tækifæri fyrir leikmenn og þjálfara til þess að kynna starfsemi hver annars og þróa þannig þekkingu sína og færni.

En hvernig kom samstarfið við Glasgow City til? „Það kom þannig til að það var aðili sem talaði klúbbana saman. Þeir hjá Glasgow City voru einmitt að leita eftir þessu og hafa verið í svona samstarfi við fleiri klúbba erlendis og leist vel á það sem við erum að gera hérna í kvennastarfinu í Haukum. Við deilum sambærilegum gildum varðandi þróun og áherslu á unga leikmenn og annað slíkt.

Þetta er spennandi og með þessu samstarfi sjáum við fram á það að geta sent leikmenn á reynslu auk þess að miðla þekkingu á milli þjálfara. Þetta er bara nýtilkomid en auðvitað er það núna þannig að kórónuveiran er ákveðinn þrándur í götu. Við sjáum fram á að þetta geti orðið mjög blómlegt samstarf þegar þeim fjanda er lokið,“ segir Halldór Jón.

Spurður hvort Haukar eigi í svona samstarfi við önnur erlend lið segir hann: „Nei en við höfum alveg verið að skoða það karlamegin líka. Það er ekkert í hendi en það er eitthvað sem við höfum áhuga á að gera og búa þannig til ákveðinn vettvang fyrir yngri leikmenn þar sem þeir geta jafnvel farið utan á reynslu og prófað sig áfram þar.“



Samstarfið við Glasgow City á eflaust eftir að koma ungum knattspyrnukonum Hauka vel í framtíðinni.



Svona gæti orðið umhorfs inni í knatt húsinu.



Gervigrasvöllurinn á Ásvöllum vígður þann 20. júní 1992.



Magnús Gunnarsson, þáverandi bæjarstjóri, tekur fyrstu skóflustunguna að nýrri íþróttamiðstöð á Ásvöllum árið 1999.



Á EM 2002 í handknattleik voru fimm leikmenn Hauka í hópi íslenska karlalandsliðsins. Þetta voru þeir Rúnar Sigtryggsson, Aron Kristjánsson, Halldór Ingólfsson, Einar Örn Jónsson og Bjarni Frostason.



Leikmenn kvennaliða Hauka sem urðu Íslandsmeistarar í handknattleik árin 1946 og 1996 komnir saman.

Lávarðadeildin skilar sínu

Haukar hafa alla tíð búið að því að eiga góða og öflugan liðsmann á öllum aldri. Lávarðadeild Hauka er skipuð síngum heldri mönnum sem margir hverjir hafa fylgt félaginu lengi. Fyrir nokkrum árum tóku lávarðarnir að sér það verkefni að flytja bílaleigubíla á milli staða og hafa svo sannarlega staðið sig vel í því hlutverki. Mæting er gjarnan klukkan átta á morgnana og bílum ekið út og suður, stundum dag eftir dag þegar þörfin var sem mest.

Framlag þeirra hefur verið félaginu ómetanlegt, fært björg í bú og lávörðunum félagsskap og gleði. Lávarðarnir eru gjarnan vel merktir í rauðu peysunum sínum, hvort heldur þeir aka um á eðalbílum eða mæta á leiki hjá félaginu. Þá hefur myndast sú hefð að þakka lávörðunum fyrir sitt vinnuframlag með hrossakjötsveislu á haustmánuðum, enda njóta félagsmenn sannarlega góðs af framlagi þeirra.



Lávarðarnir skarta yfirleitt forlata rauðum Haukapeysum.

Einstakir hæfileikar Helenu

Helena Sverrisdóttir, landsliðskona í körfuknattleik, hefur verið lengi í eldlinunni þrátt fyrir að hún sé einungis nýorðin 33 ára gömul spannar ferill hennar í meistara-flokki rúma tvo áratugi. Helena byrjaði nefnilega að æfa með meistaraflakki Hauka aðeins 12 ára gömul og spilaði sömuleiðis sinn fyrsta leik fyrir liðið áður en hún var komin á táningsaldur.

Helena var og er óvenjuhæfileikarík og þekkt fyrir leikskilning í hæsta gæðaflokki. Kallið frá landsliðinu kom fyrr en dæmi eru um hér á landi í boltagreinunum því Helena var aðeins 14 ára þegar hún var valin í A-landsliðið í fyrsta skipti þann 17. desember árið 2002.

Hún var lykilmáður Haukaliðsins sem var gífurlega sigursælt á fyrsta áratug 21. aldarinnar, sem byrjaði með bikarmeistaratitli árið 2005 og var svo fylgt eftir með fyrsta Íslandsmeistaratitli körfuknattleiksliðs kvenna ári síðar. Árið 2007 var svo byggt ofan á sigra árána tveggja á undan þegar liðið vann tvöfalt með Íslandsmeistaratitli og bikarmeistaratitli.

Áður en titlarnir fóru að koma í hús var hún sem áður segir afar ung að árum búin að festa sig kirfilega í sessi sem einn af allra bestu leikmönnum úrvalsdeildarinnar. Tímabilið 2003/2004, þegar Haukar léku í næstefstu deild, var hún líka helst til góðs fyrir þá deild og skoraði til að mynda 86 stig í einum leik, þegar liðið vann Ármann/Þrótt 115:35. Ári síðar, eftir að Haukalið var komið upp í efstu deild að nýju, fór hún á kostum í úrvalsdeildinni þar sem hún var stiga- og stoðsendingahæst, valin besti leikmaður deildarinnar og körfuknattleikskona ársins hjá KKÍ.



Helena Sverrisdóttir og Pálína María Gunnlaugsdóttir voru ungar að árum þegar þær byrjuðu að spila með meistaraflakki Hauka. Hér fagna þær Íslandsmeistaratitlinum árið 2007.

Hún var sömuleiðis stoðsendingahæst árin 2006 og 2007 og var bæði árin valin besti leikmaður deildarinnar og körfuknattleikskona ársins hjá KKÍ. Raunar tók hún að einoka verðlaun KKÍ, þar sem hún var valin körfuknattleikskona ársins 11 ár í röð, frá 2005 til 2015. Eftir að hafa unnið tvöfalt með Haukum árið 2007 var hins vegar kominn tími til þess að taka næsta skref.

Helena fór þá í háskóla í Bandaríkjunum

þar sem hún lék með TCU í Dallas. Hún hélt áfram að vinna afar vel úr hæfileikum sínum og hefur náð lengst íslenskra körfubolta-kvenna á erlendri grundu. Helena komst í úrslitakeppni NCAA, bandaríska háskólaboltans, þegar hún lék með TCU. Fékk hún All American-útnefningu þegar hún lék þar, sem er geysilegur heiður. Á ferli sínum í NCAA sýndi Helena ótrúlega fjölbærni því hún náði að koma við sögu í öllum fimm stöðunum á

vellinum með TCU. Slíkt er nánast óþekkt í íþróttinni.

Á meðan Helena spilaði í NCAA spjaraði Haukalið sig vel og varð Íslandsmeistari árið eftir. Það var til marks um hversu sterkt liðið var því Pálína María Gunnlaugsdóttir, einn öflugasti varnarmaður sem hefur komið fram hér á landi, yfirgaf liðið sömuleiðis eftir sigurinn tvöfalda árið 2007 og gekk til liðs við Keflavík, þar sem hún var áfram sigursæl. Pálína María byrjaði líkt og Helena að æfa og spila með meistaraflakki Hauka árið 2000, þá aðeins 13 ára, og varð fljótlega lykilmáður liðsins.

Eftir útskrift Helenu úr TCU tók við atvinnumennska. Á ferli sínum sem atvinnu- maður lék hún með Good Angels Kosice í Slóvakíu, Diosgyöri og Ceglédi í Ungverjalandi og Polkowice í Póllandi. Árið 2013 komst Good Angels Kosice í undanúrslit Euroleague, sterkustu Evrópukeppninnar hjá félagsliðum, með Helenu innanborðs.

Árið 2015 sneri hún aftur til Hauka og var enn á ný stoðsendingahæst árið 2016, auk þess að vera valin besti leikmaður úrvalsdeildarinnar. Hún hjálpaði liðinu svo að verða Íslandsmeistari á ný árið 2018 og var þá aftur valin besti leikmaður deildarinnar. Eftir það tímabil söðlaði Helena um og gekk í raðir Vals árið og leikur í dag með liðinu í úrvalsdeildinni. Vann hún tvöfalt með liðinu árið 2019.

Samtals hefur Helena sex sinnum verið valin besti leikmaður úrvalsdeildarinnar og tólf sinnum körfuknattleikskona ársins hjá KKÍ. Hún er næstleikjahæsti leikmaður íslenska A-landsliðsins með 77 leiki. Þá hafnaði Helena í 4. sæti í kjörinu á Íþróttamanni ársins árið 2009.

Heldur fjölskyldu- kyndlinum logandi

Körfuknattleiksmaðurinn Kári Jónsson leikur um þessar mundir með spænska liðinu Girona, sem er hluti af LEB Oro-deildinni, B-deild Spánar. Hann hefur áður leikið í sömu deild með B-liði stórveldisins Barcelona og var eitt tímabil hjá Drexel Dragons, háskólaliði Drexel í Filadelfíu í Bandaríkjunum. Hinn 23 ára gamli Kári á 14 A-landsleiki að baki og hefur alls leikið fimm tímabil í úrvalsdeildinni í körfuknattleik, Domino's-deildinni, öll með Haukum, sem er hans uppeldisfélag.

Kári segir það hafa verið frábært að alast upp hjá Haukum. „Þetta er náttúrlega minn uppeldisfélagur og öll fjölskyldan mín hefur verið í kringum Hauka. Pabbi spilaði með þeim og bróðir hans. Afi var að þjálfra og svona. Öll mín fjölskylda var alltaf í kringum Hauka frá því að ég byrjaði þannig að það var alltaf bara geggjað. Það kom ekkert annað félag til greina í rauninni.“

Að segja alla fjölskyldu sína hafa verið í kringum Hauka er sannarlega ekki ofsögum sagt. Afi hans, Ingvar Sigurður Jónsson, lagði á sínum tíma grunn að því hversu styrkum fótum körfuknattleiksdeild félagsins hefur staðið um langt árabil og hefur löngum verið kallaður „faðir körfuknattleiksins í Hafnarfirði“. Hann lék með meistaraflakki Hauka, hjálfaði í yngri flokkum og hjálfaði síðar meistaraflakki karla.

Árið 1973 hóf Ingvar að hjálfa yngri flokka Hauka og hefur komu hans verið lýst sem gífurlegum happafeng. „Það var mikið happ fyrir Hauka að fá Ingvar í sínar raðir, því óhætt er að fullyrða að enginn annar hafi lagt eins mikla vinnu í að byggja upp starfsemi deildarinnar, og þá sérstaklega yngri flokkana. Þar talar frábær árangur sínu máli,“ segir í Haukar í 60 ár – Saga Knattspyrnufélagsins Hauka sem Lúðvík Geirsson skráði.

Faðir Kára, Jón Arnar Ingvarsson, var um skeið atvinnuamaður með belgíska félaginu Castors Braine í Belgíu en lék stærstan hluta ferilsins með Haukum auk þess að hjálfa meistaraflakki karla um skeið. Jón Arnar er á meðal leikjahæstu landsliðsmanna Íslands með 102 leiki. Bróðir hans, Pétur Ingvarsson, var einnig öflugur leikmaður með Haukum og lék 27 landsleiki.

Náfrændi Kára og sonur Péturs, Hilmar, leikur um þessar mundir með Haukum.

Ekkert annað í boði

Í ljósi þess að Kári kemur úr gífurlegri körfuboltafjölskyldu er ekki úr vegi að spyrja hvort hann hafi ávallt vitað það að hann vildi verða körfuknattleiksmaður. „Já í rauninni. Það var bara ekkert annað í boði þannig séð. Auðvitað ef maður hefði viljað gera eitthvað annað þá hefði það verið í lagi en þegar maður er svona mikið í kringum körfubolta og öll fjölskyldan í kringum körfubolta þá kemur það bara svona náttúrlega, þessi áhugi og metnaður fyrir því. Ég var í fótbolta aðeins þegar ég var yngri en svo var maður ekkert sérstaklega góður í því þannig að ég fór alfaríð yfir í körfuna og það gekk betur.“

Hann segir enga aukalega pressu hafa verið lagða á sig af fjölskyldumeðlimum að gerast körfuknattleiksmaður. „Það var allavega ekkert sem ég fann fyrir, bara alls ekki. Ég var í fótbolta þegar ég var yngri og það hentaði vel þar sem körfuboltinn var aðallega vetraríþrótt þegar ég var yngri og fótboltinn sumaríþrótt þótt það hafi kannski aðeins breyst í dag.“

Þá var það oftast bara fótboltinn á sumrin og körfuboltinn á veturna. En svo þegar maður varð aðeins eldri þá byrjaði körfuboltinn að taka meiri tíma og ég fór að æfa meira á sumrin og þá valdi maður það fljótlega að vera bara í körfu og hætta í fótboltnum.“

Þegar Kári lítur til baka segir hann að vel hafi verið hlúð að iðkendum körfuknattleiksdeildarinnar og það hafi einungis batnað undanfarin ár. „Allavega sérstaklega í mínu tilviki. Bæði var ég mikið með eldri leikmönnum og við vorum góðir. Það var mjög vel haldið utan um okkur enda skiluðu sér margir úr okkar árgangi upp í meistaraflakki og gerðu góða hluti. Það var klárlega haldið vel utan um hlutina hjá okkur.“

Maður sér að það hefur bara batnað núna, það er komið nýja íþróttahúsið [Ólafssalur] sem var náttúrlega ekki þegar ég var í yngri flokkum. Þá vorum við bara í hálfum salnum í stóra handboltasalnum, þannig að það hefur breyst helling til hins betra. Það er meira pláss fyrir alla. Nú er körfuboltinn í rauninni með sitt eigið íþróttahús og handboltinn



Kári Jónsson hefur spilað 14 leiki fyrir íslenska A-landsliðið í körfuknattleik.

með sitt eigið þannig að það er mikil bæting fyrir báðar deildir.“

Mínir skemmtilegustu tímar hjá Haukum

Þegar greinin er skrifuð eru Haukar neðstir í úrvalsdeild karla, Domino's-deildinni. Kári segir það ekki auðvelt að fylgjast með liðinu úr fjarlægð. „Það er auðvitað mjög erfitt, sérstaklega þegar það gengur illa og við erum að ströggla, því mér líður eins og ég sé hluti af þessu liði. Ég byrjaði þarna, spilaði fyrsta leikinn og var með þeim á undirbúningsstímabilinu og fer svo út í desember þannig að mér líður klárlega eins og ég sé hluti af liðinu.“

Því er mjög erfitt að sjá að við erum að ströggla. Ég hef fulla trú á því að menn geti þjappað sér saman og sýnt hvað í þeim býr en það verður náttúrlega að gerast inni í klefa og innan liðsins. Leikmennirnir og þjálfarinn eru þeir einu sem geta komið sér saman um að vilja gera betur og sýna það inni á vellinum. Það er það eina sem skiptir máli.“

Á gleðilegri nótum rifjar hann upp eftir-

lætisminningar sínar frá meistaraflakksferlinum með Haukum til þessa. „Í meistaraflakki er það klárlega þegar við verðum deildarmeistarar 2018 og förum í undanúrslit í úrslitakeppninni. Það var mitt skemmtilegasta tímabil hjá Haukum. Okkur gekk náttúrlega mjög vel og það var mjög gaman,“ segir Kári, sem lék afar vel þá tímabil og skoraði meðal annars eftirminnilega flautukörfu úr eigin vítateig gegn Keflavík í úrslitakeppninni, sem tryggði liðinu sigur í þeim leik.

Haukar unnu að endingu einvígið gegn Keflavík en féllu úr leik í undanúrslitum gegn Íslandsmeisturum KR. „Svona eftir á að hyggja getum við verið svekktir því við fengum fullt af tækifærum til þess að gera enn betur í úrslitakeppninni en það gekk því miður ekki upp. Það voru klárlega mínir skemmtilegustu tímar þarna hingað til, því maður er svo ungar ennþá,“ segir Kári að lokum, og gefur í leiðinni sterkega í skyn að hann hafi ekki enn sagt sitt síðasta orð með Haukum, þótt honum verði lofað að halda áfram að lifa atvinnumennskudrauminn.



Íslandsmeistarar Hauka í handknattleik utanhúss árið 1978.



Karl Auðunsson, fyrsti formaður Knattspyrnufélagsins Hauka, tekur fyrstu skóflustunguna á nýja svæðinu á Ásvöllum þann 4. maí 1990.



Karl Auðunsson, fyrsti formaður Knattspyrnufélagsins Hauka, ásamt þremur fánaberum.



Hressar knattspyrnustúlkur úr 5. flokki Hauka á Þæjumótinu í Vestmannaeyjum.

**errea**

OFFICIAL TECHNICAL SPONSOR

errea.is

Íslandsmeistaratitlar og árangur afreksfólks standa upp úr

Körfuknattleiksdeild Hauka var stofnuð árið 1971 og fagnar því 50 ára afmæli í ár. Bragi Hinrik Magnússon, formaður deildarinnar, segir ýmislegt standa upp úr starfinu þegar lítið er um öxl. Karlaliðið upplifði sína gullöld um miðjan níunda áratug síðustu aldar, þegar tveimur bikarmeistaratitlum í röð á árunum 1985 og 1986 var fylgt eftir með Íslandsmeistaratitli árið 1988. Um miðjan fyrsta áratug 21. aldarinnar réð svo kvennalið Hauka lögum og lofum á landinu þegar þrír Íslandsmeistaratitlar og þrjú bikarmeistaratitlar komu í hús á árunum 2005-2010.

„Það sem stendur upp úr eru náttúrlega Íslandsmeistaratitlar beggja kynja. Það er alltaf hápunkturinn í öllu starfi. Kvennastarfið hefur verið svolítið leiðandi, sérstaklega seinustu tvo áratugina, en það er alltaf það sem stendur upp úr þegar allt starfið endar að lokum á að þetta sé besta liðið á Íslandi.

Það sem mér finnst líka standa upp úr er sá árangur sem einstaklingar hafa náð í starfinu. Helena Sværisdóttir í atvinnumennsku, Kári Jónsson og núna Hilmar Smári Henningsson. Þau hafa farið til stórra liða í Evrópu; Kári til Barcelona, Helena til Good Angels Kosice sem spilaði í Euroleague, evrópsku meistaradeildinni, og Hilmar Smári til Valencia. Þannig að mér finnst það standa upp úr í rauninni, sem árangur af afreksstarfi félagsins,“ segir Bragi Hinrik.

Sem dæmi um árangur af þessu afreksstarfi nefnir hann hversu margar Haukastelpur hafa skilað sér upp í meistaraflokk. „Það er mjög auðvelt að skoða hvað Haukarnir hafa verið öflugir í sínu uppeldisstarfi og skapað mikið af leikmönnum. Til dæmis er Valur, sem er besta liðið í dag, að stórum hluta byggt upp af Haukastelpum.

Nú er Haukaliðið í dag að stórum hluta byggt upp af Haukastelpum og Stjarnan, sem fyrir tveimur árum var eitt af bestu liðunum, var að stórum hluta byggt upp af Haukastelpum. Félagið er mjög stolt af þessu, að eiga svona mikið af afrekskörfuboltakomum úti um allt land,“ segir Bragi Hinrik.

Voru algjörar hetjur

Hann lék sjálfur körfuknattleik með Haukum og flutti raunar í Hafnarfjörðinn á táningsárunum, einmitt þegar karlaliðið var upp á sitt besta. „Ég var 15 ára þegar þeir urðu Íslandsmeistarar. Þá var ég svona að hefja minn körfuboltaferil í Haukum, var að flytja í bæinn frá Laugarvatni akkúrat á þessum aldri. Þá eru Haukarnir einmitt Íslandsmeistarar og svona leikmenn eins og Pálmar Sigurðsson náttúrlega algjörar hetjur,“ segir Bragi Hinrik.

Ekki er að undra að Pálmar hafi verið ein af hetjum 15 ára körfuknattleiksmanns. Í



Bragi Hinrik Magnússon, formaður körfuknattleiksdeildar Hauka, segir öflugt yngri flokkastarf öllu skipta.

oddaleiknum gegn Njarðvík þegar Haukar tryggðu sér titilinn setti Pálmar til að mynda niður hvorki meira né minna en 11 þriggja stiga körfur og skoraði alls 43 stig í æsispennandi tvíframlengdum leik í Njarðvík, sem endaði 92:91.

Getur gengið á með skini og skúrum

„Maður leit mikið upp til þessara leikmanna. Þarna var ég að koma til félagsins í fyrsta skiptið og það var mikið og margt til þess að líta upp til sem ungur körfuboltamaður í Haukum á þessum tíma, og hefur í rauninni alltaf verið. Haukarnir hafa nefnilega sömu leiðis í gegnum tíðina ávallt búið til afburðaleikmenn karlamegin, sem hafa verið tíðir gestir í landsliðum,“ bætir hann við.

Í dag er karlalið Hauka þó í vöndum málum í Domino's-deildinni, þar sem liðið vermir botnsætið. Bragi Hinrik segir liðið vera að ganga í gegnum endurnýjunartímabil. „Það er mjög stutt á milli en það sem liðið er að ganga í gegnum núna er kannski dálítill endurnýjun. Ungir leikmenn eins og Kári, Hilmar Smári og Hjálmar Stefánsson, þeir eru og voru í atvinnumennsku annars staðar. Það er til hellingur af virkilega góðum Haukamönnum en þegar þeir fá tækifæri erlendis þá að sjálfsgöðu hvetjum við þá til þess að elta þá drauma.

Titlar körfuknattleiksdeildar, meistaraflokkur karla: (5)

- » Íslandsmeistarar (1) 1988
- » Bikarmeistarar (3) 1985, 1986, 1996
- » Deildarmeistarar (1) 2018

Titlar körfuknattleiksdeildar, meistaraflokkur kvenna: (15)

- » Íslandsmeistarar (4) 2006, 2007, 2009, 2018
- » Bikarmeistarar (6) 1984, 1992, 2005, 2007, 2010, 2014
- » Deildarmeistarar (5) 2006, 2007, 2009, 2016, 2018

Það þýðir hins vegar að við missum þessa leikmenn út úr starfseminni hjá okkur. Það getur verið svekkjandi þótt við séum ánægð fyrir þeirra hönd eins og til dæmis með Kára að elta sína drauma. Það þýðir samt sem áður að liðið þarf að stíga í gegnum þessar

breytingar, það getur stundum verið erfitt,“ segir hann.

Þrátt fyrir erfiða stöðu karlaliðsins um þessar mundir er engan bilbug að finna á Braga Hinriki. „Framtíðin er björt, alveg sama hvernig á það er lítið. Við erum með gott fólk í starfinu og við erum með öflugt yngri flokkastarf og það er það sem skiptir öllu máli. Í rauninni er það bara þjónusta deildarinnar við samfélagið sem skiptir öllu máli. Að krakkar fái þarna heilbrigða og skemmtilega útrás fyrir sína orku og geti lært einhverja íþrótt og aga, það er það sem skiptir okkur mestu máli.

En svo getur gengið á með skini og skúrum í afreksstarfinu í meistaraflokkum og eins og staðan er núna er kvennaliðið eitt af þremur bestu liðunum á landinu og við förum mjög vongóð inn í úrslitakeppni með þær, að öllum líkindum, um að geta gert eitthvað.

Karlaliðið þarf náttúrlega að rífa sig upp og reyna allavega að hanga í deildinni, svo við getum unnið okkur inn tíma til þess að endurskipuleggja aðeins liðið þar. En hvort sem liðið fellur eða heldur sér í deildinni er það enginn dauðadómur fyrir sterka körfuknattleiksdeild sem bara heldur áfram sínu starfi og gerir það af heilindum,“ segir hann að lokum.

Gæði en ekki magn hjá karatedeildinni

Karatedeildin var stofnuð árið 1990. Það voru nokkrir 17-18 ára strákar sem mættu á fund aðalstjórnar og stofnuðu karatedeild Hauka. Einn þeirra, Gunnlaugur Sigurðsson, er yfirþjálfari hjá okkur í dag. Síðan þá hefur þetta verið undir merkjum Hauka. Við erum lítil deild innan félagsins en við erum samt stórhuga.“

Þetta segir Kristján Ó. Davíðsson, formaður karatedeildar Hauka. Þessa dagana er hann mestmegnis að þjálfá hjá deildinni en var iðkandi um langt árabil, margfaldur Íslandsmeistari og í landsliðinu í kumíte. Eins og hann segir er deildin ekki á meðal þeirra stærstu á landinu, iðkendur eru á bilinu 40-60, en það breytir því ekki að árangurinn hefur verið glæsi- legur.

„Við höfum aldrei verið fjölmennust á mótí. Eins og þegar við vorum að mæta á mót þegar ég var að keppa undir lokin á ferlinum, þá vorum við kannski bara þrír

til fjórir keppendur frá Haukum í mesta lagi. Stundum var ég bara einn.

Og þannig er þetta núna hjá einni sem er að keppa hjá okkur, Hjördís Helgu Ægisdóttur, hún er ein í fullorðinsflokki frá okkur en hún er alltaf í topp þremur í kumíte. Við erum búin að ala upp marga Íslandsmeistarar og landsliðsfólk núna undanfarið. Það eru gæði en ekki magn hjá okkur.

Þörf á betri aðstöðu

Við töldum það saman í fyrra þegar við höldum upp á 30 ára afmæli deildarinnar að við værum búin að framleiða yfir 20 svartbeltinga og það er árangur út af fyrir sig, en svo eru margir Íslandsmeistaratitlar sem deildin hefur eignast,“ segir Kristján.

Hann segir brýna þörf á betri aðstöðu fyrir karatedeildina. „Við höfum alla tíð, eða síðan Ásvellir voru opnaðir, við fluttum þangað 2001, æft í veislusalnum sem þýðir að við höfum aðgang að æfingasaln-



Kristján Ó. Davíðsson, formaður karatedeildar Hauka.

um okkar fjóra daga vikunnar. Ef það er mót hjá okkur á laugardegi eða sunnudegi er alltaf síðasta æfing á fimmtudegi. Við höfum yfirleitt ekki aðgang að aðstöðunni um helgar.“

Kristján segir að um langt skeið hafi staðið til að bæta aðstöðu deildarinnar en hvenær nákvæmlega verði ráðist í þær framkvæmdir sé erfitt að segja til um. „Haukar eru stórhuga með byggingaframkvæmdir á svæðinu, það á að byggja þarna stúku og tengibyggingu úr íþróttamiðstöðinni yfir í stúkuna. Í tengibyggingunni ættum við að fá sal.

Hvenær þetta verður byggt, það verður vonandi á næstu 20 árum! Haukar settu þetta upp sem 10 ára verkefni fyrir um það bil fimm árum og það verður bara komið knatthús að þessum 10 árum liðnum. Hvort það verði 10 árum eftir það kemur í ljós.“

Öflugir keppendur á leið í keppnisflokk

Þrátt fyrir þetta segir Kristján að karatedeildin sé einungis að styrkjast. „Næstu ár hjá deildinni ættu að verða frekar góð. Við erum að fá inn fullt af flottum einstaklingum upp í keppnisflokk núna.

A mótum Karatesambands Íslands þarftu að vera 12 ára til þess að geta tekið þátt á þessum opinberu mótum, t.d. í kumíte í Danmörku. Svo eru svona af og til barnamót.

Um þessar mundir, í fyrra og á þessu ári og á næstu árum, erum við að fá fullt af flottum krökkum sem stækka keppnishópinn okkar. Það var mót um daginn og þau voru að ná í verðlaun. Við erum að stækka keppnishópinn okkar og erum að fylla hann af gæðakeppendum.“



Haukar fagna deildarmeistaratitlinum í körfuknattleik árið 2018.

Morgunblaðið/Hari



Asgeir Örn Hallgrímsson nokkuð sáttur með að Haukar hafi tryggt sér Íslandsmeistaratitlinn í handknattleik árið 2005.

Morgunblaðið/Árni Torfason



Pálmar Sigurðsson var einn besti körfuknattleiksmaður landsins um langt skeið.

Morgunblaðið/Einar Falur



Það hefur aldrei vantað neitt upp á stuðning á Ásvöllum.

Það eru allir að spila

Kristján Ómar Björnsson er formaður hugaríþróttadeildar Hauka, sem er ný deild innan félagsins en byggð á grunni skákdeildar hennar. Kristján Ómar segir kórónuveirufaraldurinn hafa átt sinn þátt í því að hugmynd hans um að stofna hugaríþróttadeild hafi kviknað. „Hugaríþróttadeildin hjá Haukum er reist á stofni skákdeildar Hauka, sem hefur verið til nokkuð lengi. Starfið þar var í svona lífminni kantinum, smá deyfð yfir því. Ég tók við sem formaður síðastliðið vor og var strax með þær hugmyndir að stækka regnhlífina sem skákdeildin gæti heyrð undir, eða það sem gæti heyrð undir þessa deild. Fyrir mér er skák hugaríþrótt og rafíþróttir eru það sömuleiðis,“ segir hann.

Í faraldrinum fór Kristján Ómar að veita því eftirtekt að skil milli skákmanna og tölvuleikjaspilara sem streyma frá spili sínu á tölvuleikjum væru svo gott sem engin nú þegar skákmennirnir gátu ekki lengur ferðast á mót og fóru því að tefla í gegnum veraldarvef-inn, auk þess sem fjöldi fólks fór að halda úti streymi af sér að tefla.

„Ég áttaði mig á því að þetta er sithvor handleggurinn á sama skrokknum. Þannig kemur upp þessi pæling að stækka regnhlífina og láta skák og rafíþróttir heyrja undir sama hattinn, sem gengur undir nafninu hugaríþróttir,“ útskýrir hann.

Formlega heyrja aðeins skák og rafíþróttir undir deildina en Kristján Ómar segir þó að armur af borðspilum og spilum hafi verið settur upp og eldri borgarar hittist öðru hverju á Ásvöllum til þess að spila félagsvist og önnur spil.

„Þannig að það má segja að það heyrja líka undir deildina. En allt snýr þetta að því sama; að stíga inn í umhverfi sem í þessu tilviki, í tilviki rafíþróttanna, sárvantar að stíga inn í núna og koma skipulagi á. Að veita því viðurkenningu og skipuleggja starfið og koma því í svona svipað horf og er í kringum almennar íþróttir. Af því að allt snýst þetta bara um það að hjálpa krökkum að gera uppbyggilega hluti á gáfulegan hátt.“

Hreyfing fléttuð inn í

Hugaríþróttadeildin fór rólega af stað síðastliðið haust og auglýsti lítið sem ekkert. Yfir veturinn hafa samt sem áður um 40 iðkendur prófað námskeið hjá deildinni og þau námskeið sem standa nú yfir eru nánast fullbókuð.



Kristján Ómar Björnsson, formaður hugaríþróttadeildar Hauka, hefur tröllatru á skák sem grunni að iðkun rafíþróttanna.

Morgunblaðið/Golli

„Við erum með þrjú námskeið í gangi núna sem 10 komast á og ég held að ég sé með 26 skráningar. Við höfum ekki verið að keppast við að fá iðkendur heldur aðeins verið að þróa þessa pælingu sem ég held að sé svolítið sérstök; að reyna að flétta líkamlega virkni inn í leikjaspilunina. Svo erum við líka að reyna að selja skákina, sem ég persónulega tel að eigi alveg gríðarlegt erindi til allra rafíþróttamanna. Þannig að námskeiðin sem við bjóðum upp á núna eru námskeið sem eru blanda af rafíþróttum, líkamlegri hreyfingu og skák, þrautum og spilum.“

Fyrir mér er skák gagnvart rafíþróttum það sama og styrktarþjálfun er gagnvart knattspyrnuíðkun. Þetta er bara svona ákveðinn grunnur sem nýtist eins og styrktarþjálfunin nýtist fótboltaáttum í að halda sér heilum og vera sterkari og fljóttari. Þá hefur skákin svona sömu taktísku yfirfærslu, og skákhugsun hefur bara yfirfærslu yfir á svo margt,“ segir Kristján Ómar, og bætir því við að það sem hafi upphaflega hrakið hann af stað í þetta verkefni var að hann vildi að synir sínir gætu haft tækifæri til þess að æfa skák.

En hvernig taka iðkendur í það að líkamleg hreyfing sé fléttuð inn í námskeiðin? „Ég held að langflestir kaupi það nokkuð auðveldlega og hafi gaman af, enda er maður að setja það upp í leikjaform, leikur fléttaður inn í einhverja virkni og þeir koma hlæjandi út úr salnum, rauðir í framan. Þeim hefur bara fundist þeir vera að leika sér en þeir voru kannski dulbúið að gera fullt af æfingum.“

Gríðarleg framtíð sem liggur í þessu

En það er enn skemmtilegra að fylgjast með því hvernig manni tekst að selja skákina, af því að fyrstu viðbrögð hjá mörgum eru oft fáleg. En síðan spenningurinn sem hleypur í liðið þegar við stoppum að spila Fortnite saman eða hver á móti öðrum og förum og tókum innbyrðis hraðskákmót inni í tölvuherberginu, þá ættirðu að heyrja tístíð og hláturinn og gleðina. Þeir alveg hristast sumir af spenningsi. Það eru miklu sterkari viðbrögð við þessu en þegar þeir eru að spila tölvuleikina,“ segir hann og vonast til að geta fljótlega tekið upp sérstakar skákæfingar líka.

Kristján Ómar hefur mikla trú á deildinni

Yngsti félaginn um þrítugt og sá elsti áttræður

Rannveig Hafberg er formaður almenningsdeildar Hauka. Almenningsdeildin hefur veg og vanda af skokkhópi félagsins, þar sem allir eru velkomnir.

„Almenningsdeildin var stofnuð 15. september 2007. Það var Sigríður Kristjánsdóttir sem hafði frumkvæði að þessum hópi og stofnaði hann, bara algjör hugsjónakona, fór af stað með þennan skokkhóp og sá alfarið um það sjálf. Hún setti sig í samband við Haukana og fékk inni þar, stofnaði svo deild og byrjaði með þennan hóp, sem stækkaði bara eftir því sem árin liðu,“ segir Rannveig um upphaf deildarinnar.

Skömmu eftir stofnun almenningsdeildarinnar brá Sigríður á það ráð að fá Anton Magnússon til liðs við sig. „Hann var fyrsti þjálfari hópsins og hélt utan um þjálfunina í nokkuð mörg ár. Hann tók síðan við af Sigríði sem formaður deildarinnar. Síðan þá hefur hópurinn bara vaxið og dafnað. Hreiðar Júlíusson hefur þjálfað hópinn undanfarin ár og Ólöf Ósk Johnsen bættist í þjálfarateymið í fyrra, svo viljum við bæta við þjálfara fyrir sumarið.“

Það er alltaf svona sami kjarninn sem hefur haldist ótrúlega vel í gegnum árin, stór kjarni fólks um miðjan aldur. En það er alltaf að bæstast í hann, bæði eldra og yngra fólki. Það sem kannski helst einkennir þennan hóp er mikil og skemmtileg samvera. Við erum búin að fara í mjög margar utanlands- og innanlandsferðir, höfum farið í mörg hlaup saman, haldið

uppskeruhátíðir og ýmislegt,“ bætir hún við.

Stærsti viðburðurinn sem skokkhópur almenningsdeildarinnar stendur fyrir er Hvítasunnuhlaup Hauka, sem var stofnað fyrir fimm árum. „Það hefur algjörlega slegið í gegn og er uppselt í það þetta árið og hefur oft verið uppselt í það. Þetta er utanvegahlaup um uppland Hafnarfjarðar, afskaplega falleg leið og vinsæl. Þar hafa verið þrjár vegalengdir, 14, 17,5 og hálfmararönn, 22 kílómetrar.“

Þetta er mjög vel heppnað hlaup og gríðarleg vinna sem skipuleggjendur leggja á sig, en þetta hefur líka fjármagnað margt sem við erum að gera eins og til dæmis þjálfarakostnað og ýmsar uppákomur sem við höfum staðið fyrir. Við erum líka mjög stolt af því að við höfum styrkt Skógræktarfélag Hafnarfjarðar á hverju ári með fjárfestir eftir hlaupið og undanfarin tvö ár höfum við líka verið að styrkja félag okkar Hauka,“ segir Rannveig.

Öðruvísi æfingar vegna faraldursins

Þrátt fyrir að kjarni hópsins sé fólk á miðjum aldri er hann opinn öllum. „Þetta er opið öllum og við höfum alltaf haldið nýliðanámskeið á vorin. Við erum einmitt að fara af stað með slík námskeið um þessar mundir. Þá hefur oft komið nýtt fólk í hópinn en það kemur fólk í hann allan ársins hring. Sumir stoppa og aðrir ekki. Ég held að akkúrat núna sé yngsti virki félaginn í kringum þrítugt, elsti er að verða 81 árs og svo eru iðkendur allt þar á milli,“ segir hún.

Rannveig segir að iðkendur séu nú um 120

og þeim jákvæðu áhrifum sem hún getur haft á ungt fólk. „Ég hef gríðarlega trú á því að hún hafi góða þýðingu fyrir iðkendur. Ég tel að það sé gríðarleg framtíð sem liggur í þessu og við fullorðna og eldra fólkið verðum að fara að sýna þessu skilning, því sem er í gangi hjá unga fólkinu, af því að við höfum svo mikið um það að segja hvernig þeirra umhverfi er.“

Ég tala nú ekki um í svona tilvikum þar sem það þarf talsverða aðstöðu og dýran búnað til að koma þessu upp. Ef það er enginn skilningur fyrir hendi á þörfinni held ég að þetta muni náttúrulega mæta einhverri andstöðu, því miður. Þá verðum við bara seinni í því að bregðast við þeirri staðreynd að það eru allir að spila.“

Hann útskýrir þessi orð sín nánar: „Ég taldi mér sjálfur trú um að ég væri ekkert að spila tölvuleiki, að ég hefði hætt þessu fyrir löngu, en svo þurfti ég að horfast í augu við það að ég er að tefla í símanum örugglega að meðaltali hálf tíma á dag á meðan konan opnar Candy Crush. Við teljum okkur ekki vera tölvuleikjaspilara!“

Það eru nefnilega allir að spila, það er bara staðreynd. Og það er áskorun að ná að þróa með sér heilbriggt samband við skjáinn, það er stóra áskorunin í þessu öllu. Að hjálpa ungu fólki að eiga í heilbrigðu sambandi við skjáinn og átta sig á gildi þess að lifa heilbrigðu lífi.“

Eins og Kristján Ómar hefur bent á er það fyrst og fremst ungt fólk sem sækir námskeið hugaríþróttadeildarinnar. Þó er deildin með skráð keppnislið í þriðju deild Counter-Strike-deildakeppninnar. Í því liði eru eldri strákar með lauslega tengingu við félagið og segir hann að það gæti færst í vöxt á næstunni að lið fari að keppa undir nafni Hauka og hafi þannig tengingu við starfsemi deildarinnar.

„En dags daglega og viku fyrir viku erum við svona að einbeita okkur að þessum yngri iðkendum, 16 ára og yngri. Við sjáum mikil tækifæri í þessu og ætlum að bjóða upp á sumarnámskeið sem yrðu í okkar anda; svona blanda af rafíþróttum, hreyfingu og skák. Og það er náttúrulega mikil þörf á framboði fyrir krakka á þessum aldri, svona 10-11 ára til 13-14 ára. Þar er oft hálfgerð einskismannslend, krakkar eru ekki byrjaðir að vinna almennilega, unglingavinan er bara í einhverjar örfáar klukkustundir og svo eru leikjanámskeiðin orðin of barnaleg. Því teljum við mikil skónarfæri þar,“ segir Kristján Ómar að lokum.



Rannveig Hafberg, formaður almenningsdeildar Hauka, með hluta af skokkhópnum.

og að breyttir tímar vegna kórónuveirufaraldursins hafi kallað á öðruvísi æfingar. „Við höfum náttúrulega ekki verið að æfa öll saman en það hafa verið settar inn æfingar og kerfið hefur verið þannig að það hafa verið margir litlir hópar að æfa saman. En frá því að nýjustu takmarkanirnar komu fram og við höfum verið að æfa saman þá hittumst við úti, förum ekki inn í húsið.“


Sem fyrr er margt á döfinni hjá skokkhópnum. „Við ætlum að reyna að halda einhvers konar hlaup í kringum afmælishátíð Hauka fyrir fjölskyldur, það er næsta stóra verkefnið okkar. Við þurfum aðeins að útfæra það þegar við vitum nákvæmlega hvernig takmarkanirnar verða eða verða ekki þannig að við erum ekki búin að finnússa það.“

Svo er Hvítasunnuhlaupið, það verður á annan í hvítasunnu og eins og áður segir er uppselt í það þannig að við munum halda það með einhverri útfærslu. Það á eftir að koma í ljós hvort það verður fljóttandi eða fast eða hvað. Við er-

um svo með vorhátíð fyrir félag okkar sem verður í maí. Svo höldum við árlega Kirkjuhlaupið á annan í júlum.

Það er samhlaup sem byrjar við Ástjarnarkirkju á stuttri messu og svo er hlaupið á milli kirkna og kapella í Hafnarfirði, þeir sem fara lengst enda reyndar í Garðakirkju á Álfanesi. Svo er endað í glæsilegu kaffihlaðborði í Ástjarnarkirkju. Þetta hefur verið mjög fjölmennt og skemmtilegt hlaup. Við reynum að vera reglulega með einhvers konar samveru og skemmtilegheit,“ segir hún.

Markmið skokkhóps almenningsdeildarinnar eru enda ávallt þau sömu: „Við sjáum fyrir okkur að halda áfram þessu starfi sem við erum að vinna, að stuðla að hreyfingu og samveru hjá fólki sem vill koma til okkar. Við leggjum áherslu á að það sé alltaf eitthvað fyrir alla, bæði þá sem eru bara að ganga og eru hægir og þá sem eru mjög fljóttari. Það er okkar markmið að koma til móts við ólíkar þarfir,“ segir Rannveig að lokum.



*Óskum Knattspyrnufélagi Hauka
til hamingju með 90 ára afmælið*

RioTinto



Stálnaust



STRENDINGUR EHF
verkfræðipjónusta

DB SCHENKER
flutningsmiðlun

Hvalur hf.



BEITIR
EHF



Til hamingju með stórafmælið Haukar



Takk fyrir ykkar framlag síðustu 90 árin!

Heilsubærinn Hafnarfjörður leggur áherslu á fjölbreyttar forvarnir með öflugum samstarfi, frístundastyrkjum og heilsutengdum verkefnum sem auðga og efla lífsgæði og heilsu Hafnfirðinga. Bærinn hefur löngum verið mikill íþróttabær og hefur árum saman alið af sér meistara á nær öllum sviðum íþróttalífsins. Þar spila Haukar stórt hlutverk með faglegu starfi og öflugum stuðningsneti. Til hamingju!

hafnarfjordur.is



Heilsubærinn Hafnarfjörður



Hafnarfjörður